

Blákápa – lestrarbók I

Kennsluleiðbeiningar og verkefni



Blákápa – lestarbók I

Kennsluleiðbeiningar og verkefni

© 2010 Söfnun og gerð texta og verkefna: Edda Pétursdóttir

© 2010 Teikningar: Linda Ólafsdóttir

©2010 Teikning af húsönd: Jón Baldur Hlíðberg

© 2010 Kort af Sprengisandi: Jean-Pierre Biard

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

1. útgáfa 2010

Námsgagnastofnun Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun

Yfirllestur: Þórdís Guðjónsdóttir

Inngangur

Lestrarbækurnar *Blákápa*, *Rauðkápa* og *Grænkápa* eru ætlaðar nemendum á miðstigi grunnskólans. Efnið er valið af Guðnýju Ýri Jónsdóttur og Silju Aðalsteinsdóttur og hentar vel áherslupáttum í aðalnámskrá grunnskólans frá 2007.

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi náð nokkuð góðu valdi á að lesa þegar þeir koma á miðstig grunnskóla. Engu að síður ber að leggja áherslu á lestur og læsi í öllum sínum myndum, á tækni, skilning og túlkun. Jafnframt því sem lesturinn beinist að því að kynna menningararf þjóðarinnar er eðlilegt að nemendur kynnist bókmenntum annarra þjóða í íslenskri þýðingu. Hvatning til lestrar þarf að vera mikil innan sem utan skóla. Leggja skal áherslu á að nemendur geti aflað sér efnis og nýtt sér upplýsingar úr því. (*Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska* bls. 15.)

Í *Blákápu* eru fjölbreyttir textar; smásögur, brot úr skáldsögum, kvæði, þjóðsögur, gamansögur og annað fræðandi efni. Bókin er kaflaskipt í þemu og er auðvelt að tengja verkefni við hugarheim nemenda. Auk þess er hægt með ýmsu móti að vinna með leikræna tjáningu og framsögn eins og aðalnámskrá kveður á um.

Á miðstigi eru nemendur þjálfaðir í munnlegri og leikrænni tjáningu. Þeir eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á öðra og tileinka sér efni sem flutt er. (*Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska* bls. 15.)

Upplýsingar til kennara

Upplýsingar til kennara byggjast á upplýsingum um bakrunn textans í *Blákápu* og höfund þegar það á við. Einnig eru hugmyndir og ábendingar um umræður og listi um ítarefni til að skerpa eða dýpka umræður um viðfangsefnið og/eða til að gefa nemendum tækifæri til að kynnst efninu nánar. Tilvalið er að láta bækurnar liggja frammi í kennslustofunni þegar það á við. Fróðleikur og hugmyndir eru að hluta úr kennarahandbók Guðnýjar Ýrar Jónsdóttur og Silju Aðalsteinsdóttur og birtar með þeirra leyfi.

Verkefni fyrir nemendur

Verkefni sem eru til útprentunar eru flest tengd ritun. Efnið er fjölbreytt og geta kennarar valið úr handa nemendum sínum það sem hentar viðfangsefninu hverju sinni. Texti bókarinnar er alltaf útgangspunktur og kveikjan að sjálfu verkefninu. Nemendur geta unnið verkefni í ritvinnslu, handskrifað á útprentuð blöð eða í stílabók.

Verkefnunum er ætlað að koma til móts við áfangamarkmið sem nemendur eiga að hafa kynnst við lok 7. námsárs skv. aðalnámskrá grunnskóla frá 2007.

Þau eru að:

- tjá sig skýrt og áheyrilega
- flytja laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun og halda athygli áheyranda
- geta endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt
- segja skipulega frá
- geta notið bókmennta- og afþreyingarefnis, upplestrar, leiksýninga og söngs
- geta flutt og sungið algeng íslensk ljóð
- kunna að hlusta og taka eftir og geta nýtt sér upplýsingar í töluðu máli
- nýta sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til fróðleiks og skemmtunar
- hafa tekið þátt í leikrænni tjáningu og spuna

- gera sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- hafa þjálfast í mismunandi lestraraðferðum, svo sem nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri
- geta lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á hann
- geta notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- hafa lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur og goðsögur
- hafa kynnst öðrum menningarheimum með því að lesa þýddar sögur og ljóð
- hafa lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð
- þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap
- þekkja nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð
- geta aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim
- geta unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum
- geta dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- hafa öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- geta skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti

Í hugleiðingum um texta *Blákápu* og hugmyndum að umræðum er gefinn kostur á margs konar nálgun í kennslu, s.s. almennum umræðum, tjáningu og túlkun í framsögn, leik og mynd. Fjölbreytni í kennslu skiptir öllu máli, þannig er meiri möguleiki á að áhugi nemenda glæðist og auðveldara er að viðhalda honum.

Umræður

Frjóar umræður um bókmenntatexta geta verið uppspretta margra hugmynda og tekið til ólíkra þátta í aðalnámskrá. Þrátt fyrir að hér sé á ferð verkefni sem tengjast að miklu leyti ritun eru markvissar umræður í nemendahópnum nauðsynlegar. Umræðurnar þurfa ekki alltaf að tengjast ritun eða því að svara spurningum á blaði. Góðar umræður eru oft uppspretta hugmynda, nemendur meta og máta sig í aðstæður. Umræður gefa kennurum gott tækifæri til þess að útskýra erfið orð og þannig er auðvelt að benda nemendum á ólík blæbrigði og samhengi í texta. Með því að tjá hugsanir sínar í orð eykst orðaforði nemenda ósjálfrátt og máltilfinning eflist. Umræðuna þarf að nota til jafns við aðra þætti sem sjálfstæða nálgun og hafa hugfast að láta umræðuna eina og sér stundum nægja.

Myndræn túlkun

Til að auka fjölbreytni í vinnu með bókmenntatexta er hægt að vinna með sögur á myndrænan hátt í mun ríkari mæli. Textann má búa niður og nemendur myndskreyta textabrotið sem þeir fá úthlutað eða draga. Að lokum er verkið hengt upp ásamt textanum og sagan þá komin upp á vegg sem myndverk. Nemendur geta unnið verkefnið hver fyrir sig eða í litlum hópum. Myndirnar geta verið í ýmsum stærðum og unnar með ólíkri tækni. Teiknað og litað með trélitum, gerðar klippimyndir þar sem ekkert er teiknað inn á, ýmist klippt eða rífið.

Bæði sögur og ljóð er skemmtilegt að vinna með á þennan hátt. Sögurnar Húspostilla, Stúlkan í turninum, Gylfaginning, Sagan af Hlína kóngssyni, Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn og ljóðin Ljúflingsdilla og Illur lækur eru tilvalin til túlkunar í mynd.

Spurningar nemenda

Efnislegar spurningar úr textum bókarinnar eru ekki í ritunarverkefnum með *Blákápu*. Nokkuð er af spurningum í hugmyndum að umræðum. Þær eru hugsaðar til að leiða umræður í bekknum og eru til að vekja til umhugsunar fremur en að svara staðreyndum. Hefðbundnar spurningar eiga vissulega rétt á sér inn á milli og eru hluti af fjölbreytilegu vinnulagi. Tilvalið er að nemendur sjálfir útbúi spurningar úr sögum bókarinnar.

Kennsluhugmyndin byggist á að nemendur upplifi textann og hlutverk kennarans er að ná fram hugmyndum frá nemendum en ekki að dæla staðreyndum til þeirra.

Vinnuferlið getur verið þannig:

1. Sagan er lesin og umræður geymdar þar til síðar.
2. Bekknum skipt í 3–5 manna hópa.
3. Nemendur ræða söguna í hópunum og setja fimm spurningar á blað.
 - þeir ákveða hver er ritari hópsins
 - spurningarnar eiga að vera opnar, svarið á ekki að vera já eða nei
 - hvetja þarf nemendur til að nota spurningar eins og; **hvers vegna, af hverju, hvernig, hvað finnst þér, hvað heldur þú**, o.s.frv.
4. Kennarinn safnar spurningum saman og raðar þeim upp og hefur þær tilbúnar fyrir næsta tíma.
 - Mikilvægt er að ekki líði of langur tími áður en umræðan fer fram.
5. Umræður í bekknum um söguna út frá spurningum nemenda og/eða nemendur svara eigin spurningum.

Hægt er að nýta þessa hugmynd við flestar sögur. Sossa og Setta, Tóta og Ásdís, Sagan af Títusi, Dagurinn sá og Stúlkan í turninum eru t.d. mjög vel til þess fallnar.

Leikræn tjáning

Leikræn tjáning er óþrjótandi brunnur og hægt að ná fram ýmsum markmiðum með því að nota leikræna túlkun og spuna. Nemendum finnst yfirleitt kærkomið að þurfa ekkert að skrifa og túlka glaðir tilfinningar í orðum og leik með látbragði. Ýmist er hægt að nota orð eða einungis látbragð. Gott er að gefa nemendum grind til að styðjast við, þannig er líka unnið markvissara með innihald og framvindu sögunnar sem markast af upphafi, miðju og endi. Þjóðsögur og ævintýri er hentugt efni til að vinna með í leikrænni túlkun. Einnig gamansögurnar um Bakkabræður og Nasreddin svo og dæmisögur Esóps. Ljóð sem segja sögu má einnig færa í leikrænan búning með spuna, t.d. Illur lækur, Ókindin og Ólafur liljurós.

Efnisyfirlit yfir verkefni án blaðsíðutals

Áskæra, ylhýra málið:

- Móðurmál skólafélaga

Húspostilla:

- Myndasaga
- Viðlíkingar
- Persónugerving

Morgunverkin og Litlir hausar:

- Ljóðagerð – rímað eða órímað

Sossa og Setta:

- Orðskýringar
- Samheiti og túlkun í mynd
- Lífsleikni – ég, Sossa og Setta
- Framtíðarlistinn minn

Illur lækur:

- Endursögn og lýsing
- Orðalisti um skófatnað

Kynþættir og tungumál:

- Sögugerð – Að flytja í framandi umhverfi

Tóta og Ásdís:

- Kynþáttafordómar/einelti – umræður og listi
- Leikritagerð og leikræn tjáning

Haust:

- Andstæður í ljóði – myndgerð

Hér segir frá Títusi:

- Sendibréf

Á Vellinum:

Ljóðagerð – án ríms

Dagurinn sá:

- Sögugerð – skrifa framhald sögunnar

Sitt sýnist hverjum:

- Leikritagerð og leikræn tjáning (hópverkefni)

Jafet í föðurleit:

- Vísanir í ljóðinu – umræður (ekki krækja)

Huldumanna-genesis:

- Umræður um tilurð álfa og heimkynni (ekki krækja)

Álfarnir og Helga bóndadóttir:

- Ritun – frétt

Á Sprengisandi:

- Landakort
- Syngja saman (ekki krækja)

Álfadans á nýársnótt:

- Ritun og leiklestur – samtál

Krossgötur:

- Samtál og leiklestur

Ljúflingsdilla: (ekki krækja)

- Upplestur
- Myndgerð

Kirkjusmiðurinn á Reyni:

- Endursögn

Átján barna faðir í álfheimum:

- Sögugerð – umskiptingur

Ókindarkvæði:

- Hlustun og leikræn tjáning (ekki krækja)

Ólafur liljurós:

- Söngur og dans (ekki krækja)

Nátttröllið:

- Leikritagerð – ritun og leikræn tjáning (hópverkefni)

Sagan af Hlina kóngssyni:

- Sögugerð – ævintýri

Stúlkan í turninum:

- Sögugerð – ævintýri/hrollvekja

Af spjöldum sögunnar:

- Myndasögugerð

Ó, ljúfa steinöld:

- Ljóðagerð – rímað ljóð

Barnaþula:

- Ljóðagerð – þula

Kötturinn sem fór sínar eigin leiðir:

- Endurtekningar
- Samsett orð og kyn þeirra

Hesturinn minn, Hundurinn krás í kjafti ber, Einmana, Á afmæli kattarins, Veðrið, Hreiðrið mitt:

- Ljóðagerð

Dæmisögur Esóps:

Málshættir og orðtök

Óðinn, vinur minn:

Frásögn – minning

Fósturbörnin hennar kisu:

- Gagnaleit – frétt/frásögn

Veðrið og Óveðrið

- Ljóðagerð – hæka

Húsöndin:

- Sögugerð – endursögn með nýju sjónarhorni

Gylfaginning:

- Viðtal og leiklestur
- Nöfnin fá nýtt hlutverk
- Myndgerð (ekki krækja)
-

Nú skyldi ég hlæja, væri ég ekki dauður:

- Túlkun, mat og upplifun

Fitukeppurinn:

- Sögugerð – leikræn tjáning

Sögur af Nasreddin:

- Endursögn og túlkun

Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn:

- Sögugerð/örsaga – náttúrufyrirbæri útskýrð í anda goðsagna

Bakkabræður:

- Endursögn – brandarar/skemmtisögur

Münchhausen:

- Ritun – Frétt

Brúsaskeggur:

- Leikræn tjáning (ekki krækja)

Gátur (víða í bókinni):

- Gagnaleit – heimildir

Söngur:

- Eitt bls. 23
- Á Sprengisandi bls. 71
- Ævintýri bls. 83
- Ókindarkvæði bls. 84
- Völuvísa bls. 102
- Ólafur liljurós bls. 87–90
- Hreiðrið mitt bls. 147

Bakgrunnur

- Þetta er fyrsta erindi ljóðsins **Ásta** eftir þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson.
- Ljóðið er þrjú erindi og mun almennt talið að það fjalli um móðurmálið.

ÁSTA

Ástkæra, ylhýra málið, og allri rödd fegra, blíð sem að barni kvað móðir á brjósti svanhvítu, móðurmálið mitt góða, hið mjúka og ríka, orð áttu enn eins og forðum mér yndið að veita.	Veiztu það, Ásta, að ástar þig elur nú sólin? Veiztu, að heimsaugað hreina og helgasta stjarnan skín þér í andlit og innar albjört í hjarta, vekur þér orð, sem þér verða vel kunn á munni?	Veiztu, að lífið mitt, ljúfa, þér liggur á vörum? Fastbundin eru þar ástar orðin blessuðu. Losa þú, smámei, úr lási lítinn bandingja! Sannlega sá leysir hina og sælu mér færir.
---	--	---

Svava Jakobsdóttir rithöfundur segir í grein sinni Skáldið og ástarstjarnan í bókinni *Skyggst á bak við ský* að í kvæðinu birtist viðhorf Jónasar til íslenskunnar. Hún skrifar jafnframt að lítið hafi verið fjallað um Ástu í ritum en kvæðið varpi að hennar mati mikilvægu ljósi á ljóðið Ferðalok. Ásta er ljóð til íslenskrar tungu ekki síður en ljóð um tunguna. Þar birtist grunnhugmynd Jónasar um hin lífrænu tengsl milli tungu, jarðar og sólar sem er einn hornsteinanna í hugmyndafræði Ferðaloka. Eiginhandarrit af Ástu er ekki til en kvæðið var fyrst prentað í Fjölni 1843.

Umræða og ábendingar

Móðurmálið er mikilvægt og er þekking og leikni í því undirstaða til að bæta hugtakaskilning og að geta tjáð í orðum tilfinningar og hugsanir. Margir á Íslandi eiga annað móðurmál en íslensku. Hvetja þarf alla nemendur til að rækta sitt eigið móðurmál og vera stoltir af því.

Verkefni:

Móðurmál skólafélaga.

Ítarefni:

Páll Valsson. 1999. *Jónas Hallgrímsson: ævisaga*. Reykjavík, Mál og menning.

Svava Jakobsdóttur. 1999. „Skáldið og ástarstjarnan í bókinni“. *Skyggst á bak við ský*. Reykjavík, Forlagið. http://100.bokmenntir.is/bok.asp_cat_id=&bid=8165&lang=1&author_id=87

Bakgrunnur

Pétur fæddist í Reykjavík 1947. Hann gaf fyrst út ljóðabókina *Splunkunýr dagur* (1973). Hann varð landsþekktur fyrir fjögurra binda verk sitt um Andra Haraldsson, *Punktur punktur komma strik* (1976), *Ég um mig frá mér til mín* (1978), *Persónur og leikendur* (1982) og *Sagan öll* (1985). Í verkinu lýsir Pétur uppvexti Reykjavíkurdrengs sem er á svipuðum aldri og hann sjálfur, og þóttu fyrri bækurnar tvær sæta tíðindum í íslenskri sagnagerð fyrir óvenjulegan stíl og efnistöð. Kvikmynd var gerð eftir sögunni *Punktur punktur komma strik* árið 1980 sem Þorsteinn Jónsson leikstýrði.

Pétur samdi textana á plötunni *Hrekkjusvín – lög unga fólksins* sem fyrst var gefin út árið 1977 og endurútgefin á hljómdiski 1998. Ævintýri á bls. 83 í *Blákápu* er 12. lagið.

Hann hefur að auki skrifað ljóð og sögulegar skáldsögur, þýtt margar erlendar bækur, gert handrit fyrir útvarp og sjónvarp og skrifað tvær bækur um ævi Þórbergs Þórðarsonar; *Í fátæktarlandi* (2007) og *Í forheimskunarlandi* (2009).

Á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins má finna svar Péturs Gunnarssonar þegar hann var spurður af hverju hann skrifi bækur.

http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3900/6556_read-18427/RSkra-99

Umræður og ábendingar

Húsið sjálft segir söguna. Það sem einkennir textann eru myndrænar lýsingar og nokkuð er um persónugervingar.

- Gamla timburhúsið rifjar upp gamlar og yngri minningar. Það man tímana tvenna og meðan það fylgist með núverandi íbúum vakna og undirbúa sig fyrir daginn ber það þá saman við fyrri-verandi íbúa.
- Breytingar og þróun til nútíma lífsþæginda eru áberandi í samanburðinum og þarf e.t.v. að útskýra ýmislegt úr gamla tímanum fyrir nemendum, t.d.:
 - Frostrósir myndast þegar hlýtt loft sem inniheldur raka kemur í snertingu við yfirborð sem er undir frostmarki eins og til dæmis gluggarúðu. Í þá daga var algengt að í gluggum væri einfalt gler.
 - Gasstöðin tók til starfa árið 1910, bærinn var lýstur með gasi og það var notað til eldunar. Rafmagn úr Elliðaárvirkjun var notað til lýsingar frá 1921. Rafmagnsveita Reykjavíkur var stofnuð 1921 og um 1940 leysti rafmagn gas af hólmi í eldhúsum bæjarbúa. Um svipað leyti var heitt vatn leitt í flest hús bæjarins en Hitaveita Reykjavíkur var stofnuð 1946. Á landsbyggðinni voru einnig stofnaðar rafmagnsveitur eða heimarafstöðvar á sveitabæjum.
 - Útvarpssendingar hófust árið 1930 og þegar sjónvarpið hóf útsendingar árið 1966 þá breytti það uppröðun húsgagnanna í stofunni. Það heimtaði beina sjónlínu.
 - Heilaga þrenningin: myndirnar af Hallgrími Péturssyni, Jóni Sigurðssyni forseta og Jesú Kristi. Þessar myndir voru mjög algengar á heimilum landsmanna.
 - Gluggapóstur. Reikningar koma að mestu inn á heimabanka á Netinu og gluggapóstur er hverfandi.
 - Talsími var lagður í um 200 hús í Reykjavík árið 1905, símtækin voru öll með snúru.
 - Tími sögunnar: á hvað löngum tíma gerist sagan, þ.e. innri tíminn (snemma að morgni), hvenær á hún sér stað, þ.e. ytri tíminn (að vetri).

Hugmyndir sem hægt er að nýta í myndasöguna (sjá verkefni 1).

Húsið sjálft	(lítið timburhús → pakinu lyft → bætt við kvisti → forskalað ...)
Klósettímal	(kamar → vatnslósett)
Eldhúsið	(kolavél → eldavél með víftu)
Kynding	(kolakynding → olúkynding → hitaveita / einfalt og tvöfalt gler)
Íbúarnir	(fjöldi íbúa hverju sinni)
Fæðing	(fæðingar í heimahúsi – á sjúkrahúsi)
Tónlist	(söngur íbúanna – útvarp – sjónvarp)
Veggmyndir	(myndir og plaköt)
Kaffiáhöld	(kaffipoki/kaffikanna → kaffivél)
Símar	(skífusími → þráðlaus sími → símsvari → farsími ...)
Þvottur	(vaskafat → þvottavél með rullu → sjálfvirk) (þvottasnúrur → þurrkari)
Uppþvottur	(vaskur/uppþvottabursti → uppþvottavél)

Verkefni:

1. [Breytingar og þróun tækja og húsbúnaðar: myndasaga.](#)
2. [Finna viðlíkingar.](#)
3. [Finna persónugervingar.](#)

Ítarefni:

Jakobína Sigurðardóttir. 1978. *Dægurvísa*. Reykjavík, Iðunn.

(fyrsti kaflinn þegar húsið talar við lesandann).

Þórbergur Þórðarson. 1982–83. *Ævisaga Árna prófests Þórarinssonar*

(lýsing á Sæfinni á sextán skóm sem sótti vatn í brunninn fyrir bæjarbúa) 1. bindi bls. 255–256.

Snerpa. <http://www.snerpa.is/net/sma/hvoggur.htm>. „Hans Vöggur“, smásaga eftir Gest Pálsson.

Meira um höfundinn:

http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3396/6134_read-99/RSkra-99

Lög unga fólksins með Hrekkjusvínum. 1998. Hljómdiskur, Skífan.

Ítarefni

Engin heilsa án geðheilsu. Ha, ég? Verkefnablöð fyrir 9–12 ára börn. Geðrækt.

Ertu? Vinnubók í lífsleikni. 2009. Aldís Yngvadóttir. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Limra eftir Jóhann S. Hannesson í *Ljóðsporur*, bls. 174.

Magnea frá Kleifum. 1991. *Sossa sólskinsbarn*. Reykjavík, Mál og menning.

Magnea frá Kleifum. 1997. *Sossa skólastúlka*. Reykjavík, Mál og menning.

Magnea frá Kleifum. 1998. *Sossa sönn hetja*. Reykjavík, Mál og menning.

Bókmenntavefurinn. http://100.bokmenntir.is/rithofundur.asp_cat_id=90&author_id=62&lang=1

Sigprúður Gunnarsdóttir skrifar um verk Magneu frá Kleifum: Sólskinsbörn í blíðu og stríðu, sérstaklega kaflinn um Sólskinsbarn með klepra í sokkum: http://100.bokmenntir.is/hofundur.asp_cat_id=237&module_id=210&element_id=403&author_id=62&lang=1

Bakgrunnur

Steinunn Sigurðardóttir fæddist í Reykjavík 26. ágúst 1950. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólunum í Reykjavík 1968 og BA-prófi í sálarfræði og heimspeki frá Háskóla í Dublin á Írlandi. Hún hefur starfað sem blaðamaður, fréttamaður, fréttaritari og þáttagerðarmaður fyrir útvarp og sjónvarp auk þess að vera rithöfundur. Steinunn gaf út fyrstu bók sína, ljóðabókina *Sífellur*, 19 ára gömul og vakti hún strax athygli. Hún hefur skrifað mest fyrir fullorðna en barnabókin *Frænkuturninn* kom út árið 1998.

Á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins skrifar Steinunn sjálf: Orð hafa verið leikföngin mín frá því ég man eftir. Ég var innan við tveggja ára þegar kveðskapurinn byrjaði að dynja á mér. Gestir og gangandi létu ekki sitt eftir liggja, það var líka sungið, og sportið var að læra þetta sem allra fyrst, ferskeytlur, heilræðavísur, sálma, ættjarðarljóð, og kenna helst öðrum hið snarasta, ef ég náði í fórnarlamb. Hins vegar var ekki vitað hvar svona ungt barn lærði samsetningar af ljótum orðum sem það lét út úr sér til þess að gá hvernig fullorðna fólkinu yrði við. Orðin voru ekki aðeins leikföng heldur einnig leikfélagar. Ég átti leikfélaga sem bjó í brakandi miðstöðvarofni, ég sat á gólfinu og spjallaði við hann langtímum saman; hann var ósýnilegur félagi gerður úr mínum eigin orðum og dagdraumum ...

Sjá nánar á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins:

http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3900/6556_read-18343/RSkra-112

Umræður og hugmyndir

Tilvalið að ræða um skáldaleyfi höfunda þegar þeir breyta stafsetningu t.d. eftir framburði eins og Steinunn gerir í ljóðinu **Eitt**, þegar hún skrifar konu í stað komdu.

- Þekkja nemendur fleiri dæmi um þetta?
- Geta þeir fundið dæmi í ljóðabókinni *Ljóðsporur*?

Á geisladiski Barnaheilla, *þegar þið eruð nálæg*, syngur Guðrún Gunnarsdóttir lagið **Eitt** við lag Ingva Þórs Kormákssonar. Lagið er fjörukt og nemendum finnst gaman að syngja með. Hægt er að láta nemendur leika dýrin í ljóðinu í spunaleik og lagið spilað undir.

Ítarefni

Steinunn Sigurðardóttir. 1969. *Sífellur*. Almenna bókafélagið.

Steinunn Sigurðardóttir. 1979. *Verksummerki*. Reykjavík, Helgafell.

þegar þið eruð nálæg. 1992. Geisladiskur Barnaheilla.

Bókmenntavefurinn: http://www.bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=362&module_id=210&element_id=540&author_id=86&lang=1

Viðtal við Steinunni: <http://midjan.is/2009/12/20/steinunn-sigurdardottir/>

Bakgrunnur

Jónas Hallgrímsson fæddist 16. nóvember 1807 að Hrauni í Öxnadal.

- Hann er eitt dáðasta ljóðskáld Íslendinga.
- Fæðingardagur hans var valinn dagur íslenskrar tungu en fyrst var haldið upp á hann árið 1996.
- Jónas hóf nám í Bessastaðaskóla á 16. aldursári og var þar í sex ár.
- Starfaði í þrjú ár í Reykjavík sem ritari landfógeta.
- Lagði stund á nám í náttúruvísindum við Kaupmannahafnarháskóla.
- Var duglegur að kynna sér evrópskar bókmenntir og H.C. Andersen var í uppáhaldi.
- Tímaritið *Fjölni* stofnaði hann árið 1935 ásamt þrem íslenskum skólalærdögum sínum. Kjörorð Fjölnis-manna voru nytsemi, fegurð og sannleikur.
- Hann dvaldi töluvert á Íslandi árin 1837–42 við rannsóknir á íslenskri náttúru og við að semja lýsingu á landinu. Á þeim tíma orti hann mörg stórbrotin náttúru ljóð.
- Í einni ferðinni var hann hætt kominn eftir hrakninga á hálendinu og þurfti að liggja í marga mánuði rúmfastur í Reykjavík. Hann komst aldrei til fullrar heilsu eftir þetta. Jónas dvaldi síðustu þrjú ár sín í Danmörku við erfið kjör. Þar vann hann að Íslandslýsingunni og útgáfu *Fjölnis* auk þess að yrkja ljóð.
- Hann lést árið 1945, úr lungnabólgu og blóðeitrun, 37 ára gamall.
- Fyrst var hann jarðsettur í Kaupmannahöfn en síðan voru bein hans flutt til Íslands og nú hvílir hann í Þjóðargrafreitnum á Þingvöllum.

Kvæðið birtist fyrst í *Fjölni* 1844 undir titlinum „Illur lækur eða Heimasetan“. Í *Fjölni* árið eftir er það sagt þýðing á þjóðkunnu spænsku kvæði. Fyrirmyndin hefur þó ekki fundist. Þetta er lýsing á ferðalagi lítillar stúlku út í hættulega veröld – nokkurs konar Rauðhettusaga þar sem stríðinn lækurinn verður fulltrúi óbeislaðrar náttúru sem þarf að vara sig á. Í lok ljóðsins fullvissar stúlkan móður sína um að hún þurfi ekki að hafa áhyggjur, hún ætli framvegis að fara varlega.

Umræður og ábendingar

Ljóðið **Illur lækur** er tilvalið til að ræða og æfa upplestur á bundnu máli. Benda þarf nemendum á að fella burtu atkvæði til að halda rétttri hrynjandi („mér var það samt ekki’að kenna“). Athuga sérstaklega eg/ég í ljóðum og lesa í samræmi við rithátt. Það hefur tilgang fyrir stuðlunina, t.d. eg stuðlar við eftirleiðis („vertu óhrædd! eftirleiðis/eg skal gá að mér“).

Framburður hv getur verið tvenns konar og getur bæði stuðlað við k og hv. Huga þarf að þessu í ljóðum og benda nemendum á það.

Í ljóði Káins er dæmi um að hv stuðli bæði á móti hv og k í einni og sömu vísunni:

Kæra foldin kennd við snjó

hvað ég feginn yrði,

mætti holdið hvíla í ró

heima í Eyjafirði.

Verkefni

Endursögn og lýsing.

Orðalisti um skófatnað.

Ítarefni

Margrét Pálsdóttir. 1992. *Talað mál*. Reykjavík, Mál og menning.

Páll Valsson. 1999. *Jónas Hallgrímsson: ævisaga*. Reykjavík, Mál og menning.

Símon Jón Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir. 1990. *Bernskan. Líf, leikir og störf íslenskra barna fyrr og nú*. Reykjavík, Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF. (bls. 30–31, kafli um klæðnað barna).

Hver var Jónas Hallgrímsson? Samantekt Ingólfs Steinssonar á vef Námsgagnastofnunar:
http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/jonashall.pdf

Jónas Hallgrímsson. Skolavefurinn.is. íslenska, ljóðskáld mánaðarins nóvember 2001

Bakgrunnur

Ef gluggað er í svör við spurningum um kynþætti á Vísindavefnum kemur í ljós að tegundin maður (*homo sapiens*) er óvenju einsleit í skilningi erfðafræðinnar þrátt fyrir landfræðilega útbreiðslu sem spannar nær öll landsvæði jarðar.

Hugmyndin um mismunandi kynþætti er tiltölulega ný af nálinni. Hugtakið kynþáttur (race) var notað í enskri tungu á 16. öld, en öðlaðist líklega ekki þá merkingu sem það hefur í dag fyrr en á 18. og 19. öld. Evrópubúar töldu menningu sína æðri menningu annarra samfélaga heimsins og töldu mun á menningu endurspegla mun milli kynþátta. Skipting í kynþætti fól því í sér þjóðhverfa röðun, þar sem einstaklingar af svokölluðum hvítum kynþætti áttu að vera betur gefnir en einstaklingar af öðrum kynþáttum. Skipting fólks í kynþætti var mikilvæg réttlætning fyrir þrælshaldi og fyrir því að svipta hópa í nýlendum Evrópu auðlindum sínum og landi. Litarháttur hefur ekkert forsagnargildi um aðra þætti, svo sem greind, persónuleika eða hæfileika, ekki frekar en háralitur og augnlitur.

Ekkert er vitað með vissu um uppruna tungumála. Menn geta sér þess til að mannapar hafi notað einhver hljóð til tjáskipta en eiginlegt tungumál hafi ekki tekið að mótast fyrr en mun seinna eða fyrir um 100.000 árum þegar forfeður nútímamannsins komu fram á sjónarsviðið. Flestir málfræðingar gera ráð fyrir því að fyrstu orð hafi verið einhvers konar hljóðlíkingar af sama tagi og við í dag segjum plomp þegar eitthvað dettur í vatn eða uss þegar sussað er á einhvern. Í þýsku heitir gaukurinn Kuckuck og uglan Uhu eftir þeim hljóðum sem þau gefa frá sér og eru þessi orð dæmigerðar hljóðlíkingar. Sama er að segja um sögnina að dingla sem varð til héraendis í nýrri merkingu þegar bjöllur í húsum gáfu frá sér hljóðið ding-dong í stað ring-ring áður.

Margt bendir til að forfeður nútímamannsins hafi lifað í einangruðum flokkum og er því líklegt að mismunandi hljóðtákn og síðar orð hafi tekið að mótast innan flokkanna. Þegar mennirnir náðu smám saman hærra vitsmunastigi urðu málkerfi þjóðflokka flóknari og málfræðilegar reglur mynduðust, en ekki endilega hinar sömu innan fjarlæggra hópa. Þannig urðu á löngum tíma til mismunandi uppbyggðar málaættir og innan þeirra fjölmörg tungumál sem þróuðust ýmist óháð hvert öðru eða fyrir áhrif hvert frá öðru.

Einnig er erfitt að svara því hversu mörg tungumálin eru. Í bók eftir Baldur Ragnarsson, *Tungumál veraldar*, frá 1999, eru þau talin um og yfir 4000. Í *Íslensku alfræðiorðabókinni* (III:434) eru tungumál heims talin milli 2000 og 3000. Þessar mismunandi tölur skýrast af því að skilin á milli þess sem kallað er mál og mállýska eru ekki alltaf skýr. Oftast er litið svo á að tvö mál teljist mállýskur ef þau skiljast gagnkvæmt en að um sérstök mál sé að ræða ef þau skiljast ekki gagnkvæmt.

Umræður og ábendingar

Eru til mismunandi kynþættir í raun og veru?

Fæðumst við eins?

Hvað er það sem ákveður hvernig við erum?

Geta allir orðið vinir?

Er hægt að segja að sumir séu betri en aðrir?

Gullkornin þrjú:

- Enginn er góður í öllu.
- Allir eru góðir í einhverju.
- Margar hendur vinna létt verk.

Hvernig ætli tungumál hafi þróast í byrjun?

Hvernig var ákveðið hvaða merkingu orð fengu?

Hvers vegna heitir hús t.d. hús? Eða ugra ugra? (Er það vegna hljóðs uglunnar?)

Er hægt að finna dæmi um líkamseinkenni sem henta ákveðnum aðstæðum önnur en þau sem nefnd eru í bókinni?

Verkefni

Sögugerð: [Að flytja í framandi umhverfi.](#)

Ítarefni

Gísli Snær Erlingsson. 2000. *Ikíngrut* kvikmynd um vináttu.

Vísindavefurinn:

<http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=643>

<http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=1214>

<http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=3773>

Bakgrunnur

Guðrún er einn þekktasti barnabókahöfundur á Íslandi. Hún skrifar aðallega fyrir stálpuð börn en hefur einnig sent frá sér nokkrar myndabækur fyrir yngri börn. Hún hefur skrifað eina skáldsögu og sjónvarpsleikrit fyrir fullorðna. Leikrit hennar *Óvitar* var frumflutt í Þjóðleikhúsinu 1979 og hefur einnig verið sett á svið í Færeyjum og í Noregi. Sagan um tvíburana Jón Odd og Jón Bjarna hefur verið kvikmynduð.

Guðrún sat í Borgarstjórn Reykjavíkur frá 1978–1982, var alþingismaður frá 1979–1995. Hún var forseti Alþingis 1988–1991, fyrst kvenna til að gegna því embætti.

Sjálf segir hún á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins:

Af hverju skrifa ég? Mætti ekki alveg eins spyrja: hver er ég eiginlega? Það er skrambi flókið, held ég. Og þó, kannski ekki. Einhvern tíma var ég pínulítill stelpa í sjávarplássi, sem mér þótti ljótt. Þar óx ekkert fegurra en njóli. Og grindverkin voru að falli komin. Húsin ómáluð. Elst af tíu systkinum í allt of litlu húsi. En utan við byggðina var holtið og tún með sóleyjum og bláklukkum. Og himinninn yfir. Þar var fallett. Og þannig átti lífið að vera, fannst mér. Sumt fólk gat haft fallett hjá sér, sumir ekki. Það fannst mér óréttlátt. Fullorðna fólk sagði að það væri ríka fólk sem ræktaði blóm og tré og hefði steinveggi og járnhlíð í kringum húsin sín. Mér fannst það engin skýring. Af hverju gerði fátæka fólk ekki eitthvað til að hafa fint hjá sér? Það sat bara og drakk kaffi. Ég þoldi það ekki og var þrasgjörn.

Sjá nánar á Bókmenntavef Borgarbókasafnsins:

http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3900/6556_read-18350/RSkra-62

Efnið er tekið úr tveim köflum í bókinni *Í afahúsi* (1976). Hér er vandamálið að vera öðruvísi sett í stærra samhengi en hjá Sossu sólskinsbarni. Ásdís er af öðrum kynþætti en Tóta vinkona hennar.

Umræður og ábendingar

Hér gefst gott tækifæri til að ræða kynþáttafordóma.

- Hvers vegna koma þeir upp? Hvernig er hægt að kveða þá niður?
- Hversu langt má fólk ganga þegar það hefnir sín?
- Hvenær verður réttlát refsing óréttlát?
- Hver er munurinn á stríðni og einelti?
- Hver er munurinn á kynþáttafordómum og einelti?

Ræða um eineltishringinn.

- Gerandi og þolandi. Virkur gerandi og óvirkur gerandi og hlutverk þeirra.
- Þekkið þið einelti?
- Hafið þið verið lögð í einelti?
- Hafið þið lagt aðra í einelti?
- Hvernig er hægt að koma í veg fyrir einelti?
- Hvað er hægt að gera ef maður verður vitni að einelti?

Verkefni

Kynþáttafordómar og einelti.

Að semja leikrit og leika.

Ítarefni

Bækur eftir Guðrúnu Helgadóttur.

Bæklingur frá Barnaheill: <http://www.barnasattmali.is/nam/>

Dan Olweus. Bæklingur um einelti meðal barna og unglinga.

Réttindin mín. 1994. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Veggspjald um eineltishringinn.

Práinn Bertelsson. 1981. *Jón Oddur og Jón Bjarni*. Kvikmynd.

Um höfundinn: http://100.bokmenntir.is/hofundur.asp_cat_id=483&module_id=210&element_id=655&author_id=36&lang=1

Bakgrunnur

Ljóðið er úr bókinni *Þangað vil ég fljúga* eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur (1974).

Um miðja öldina voru börn oft send í sveit á sumrin í þrjá til fjóra mánuði. Oft voru margir krakkar á sama bænum. Þá var sumarfrí í skólum lengra en nú er.

Sterkar andstæður einkenna ljóðið, sveitin með blóm og læk og borgin með steypu og ryk. Aftast í *Ljóðsporum* er skilgreining á andstæðum svohljóðandi:

Skáld nota andstæður til að magna kraft orðanna. Þær eru skyldar líkingum því að í þeim felst sam-
anburður. Líkingin ber saman en andstæðan skapar skarpan mun. Dæmi: „eins og líf er til þess að lifa / eins og dauði er til þess að breytast“ (Elías Mar).

Umræður og ábendingar

Kennari skoðar með nemendum andstæðurnar í ljóðinu. Sveit og borg.

- Hafa nemendur verið í sveit og tekið þátt í bústörfum?
- Hafa nemendur heimsótt sveit einungis til að skoða dýrin?
- Eiga nemendur ættingja eða vini sem búa í sveit?
- Hafa nemendur verið lengi að heiman? Breyttist þá eitthvað heima hjá þeim á meðan? (Eins og gerðist í ljóðinu.)

Verkefni

Andstæður – myndskreyting.

Ítarefni

Ingibjörg Haraldsdóttir. 1974. *Þangað vil ég fljúga*. Reykjavík, Heimskringla.

Fleiri ljóð eftir Ingibjörgu eru t.d. í *Ljóðsporum* sem gefin er út af Námsgagnastofnun.

Bakgrunnur

Stefán Jónsson fæddist 22. desember 1905 á bænum Háafelli í Hvítársíðu. Hann stundaði nám við Héraðsskólann að Laugarvatni 1929–31 og lauk kennaraprófi árið 1933. Ævistarf Stefáns var tengt börnum og barnamenningu en hann var kennari í Austurbæjarskóla í Reykjavík frá árinu 1933 til æviloka (1966), ásamt því að vera þjóðþekktur barnabókahöfundur. Eiginkona Stefáns var Anna Aradóttir, f. 1914, frá Stöðvarfirði. Flestar bóka hans teljast nú sígildar. Þekktustu barnabækur hans eru bækurnar um *Hjalta litla* sem komu út 1948–51 en meðal annarra barnabóka hans má nefna *Fólkið frá Steinshóli* (1954) og *Óli frá Skuld* (1955). Stefán sendi einnig frá sér sögur fyrir fullorðna, bæði smásögur og tvær skáldsögur; *Sendibréf frá Sandströnd* (1960) og *Vegurinn að brúnni* (1962).

Stefán var mannvínur og skrifaði af einstakri næmni um manneskjuna og breyskleika hennar. Við lestur bóka hans kemur vel fram að maðurinn er alltaf eins, væntingar hans og þrár eru líkar hvar og hvenær sem er.

Kaflinn er úr *Skóladögum* (1942). Hér segir frá óhæfuverki tveggja drengja, fórnarlambið er dýr en ekki barn, sem gerir nemendum ef til vill auðveldara um vik að tala um efnið. Það sem hrindir atburðum af stað er augnabliks vanræksla lítillar barnfóstru. Sagan gefur mynd af aðstæðum fátæks drengs sem er nýfluttur úr sveitinni í borgina.

Umræður og ábendingar

Það hefur verið mjög algengt í íslensku samfélagi að börn gæti yngri barna.

- Er það enn þá þannig?
- Hafa nemendur passað börn?
- Hafa nemendur farið á barnfóstrunámskeið hjá Rauða krossinum?
- Er algengara að stelpur gæti barna en strákar?
- Hvað þýðir það að vera í vondum félagsskap?
- Er alltaf hægt að ráða því hvernig maður hegðar sér?
- Hafa nemendur í bekknum verið beittir þrýstingi og verið með í einhverju gegn betri vitund?
- Hvernig er hægt að bregðast við þrýstingi?

Spurningar í tengslum við verkefnið að skrifa sendibréf

- Finnst þér Skúli brjóta trúnað við Júlla með því að skrifa bréfið?
- Hvað hefðir þú gert?

Verkefni

Sendibréf.

Ítarefni

Bókaflokkurinn *Samvera – Verum vinir, Vinnum saman* og *Verum saman*. Námsgagnastofnun 2008. Bækur Stefáns Jónssonar.

Upplýsingar um barnfóstrunámskeið Rauða krossins, Börn og umhverfi:

http://raudakrosshusid.is/page/rki_bornogumhverfi

Bakgrunnur

Dagurinn sá birtist í smásagnasafni Samtaka móðurmálskennara *Gúmmískór með gati* (1985).

Ása Sólveig (Guðmundsdóttir) fæddist árið 1945 og varð þekkt fyrir fyrstu skáldsögu sína, *Einkamál Stefaníu* (1978). Hún skrifaði einnig skáldsöguna *Treg í taumi* (1979) og leikritið *Svartur sólargeisli* (1972) sem vakti upp talsverðar umræður um kynþáttafordóma hér á landi.

Ása Sólveig skrifaði í bókum sínum raunsæistexta um óréttlætið í nútímasamfélaginu og sérstaklega um stöðu konunnar, m.a. um stöðu einstæðra mæðra. Í **Dagurinn sá** er barnið í brennidepli, lykka-barnið sem elst upp hjá einstæðri móður og hefur lítil tengsl við föður sinn.

Umræður og ábendingar

Áður fyrr var kjarnafjölskylda venjulega foreldrar og börn þeirra. Nú á dögum eru önnur fjölskyldumynstur að verða algengari.

Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands og sveitarfélaganna er kjarnafjölskylda:

- Hjón og fólk í óvígðri sambúð og börn þeirra 17 ára og yngri sem búa á heimilinu.
- Einhleypir karlar og konur og börn þeirra 17 ára og yngri sem búa á heimilinu.

Börn 18 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum 18 ára og eldri. Aðrar fjölskyldugerðir:

- Einstæðir foreldrar sem hafa aldrei búið saman.
- Einstæðir foreldrar sem eru fráskildir.
- Stjúpfjölskyldur (blandaðar fjölskyldur).
- Fjölskyldur þar sem forsjá er skipt milli foreldra.

Tilvalið er að ræða mismunandi fjölskyldugerðir, t.d. þar sem foreldrar eru samkynhneigðir, eða samsettar fjölskyldur. Þannig geta nemendur mátað sig við þær fjölskyldugerðir sem þeir þekkja og tilheyra.

Ræða einnig hugtakið stórfjölskylda. Það fyrirkomulag var nokkuð algengt á Íslandi áður fyrr og er þekkt víða um heim enn í dag.

Ræða samskipti krakka við foreldra sína. Hvort sem þeir búa hjá þeim eða ekki. Ágætt að hafa Ólaf Einarsson í sögunni sem viðmið og ræða t.d. um

- líðan Óla
- væntingar Óla til pabba síns

Hvaða ástæður geta verið fyrir framkomu pabba Óla?

Hvernig eru afskiptasamir ættingjar?

Þekkja nemendur eitthvað af þessum atriðum sem koma fram í sögunni?

Verkefni

[Að semja framhald sögunnar.](#)

Ítarefni

Ari Kristinsson. 1997. *Stikkfrí*. Kvikmynd.

Gúmmískór með gati. Smásagnasafn Samtaka móðurmálskennara. 1985. Reykjavík, Mál og menning.

Um verk Ásu Sólveigar: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=229818

Bakgrunnur

Leikpátturinn er tekinn úr bókinni *Helga í öskustónni* sem Steingrímur Arason gaf út 1934 og er þar sagður „að nokkru leyti“ þýddur af Snorra Sigfússyni. Hér er hann enn aðlagaður og á sama hátt hægt að segja að leikpátturinn sé „að nokkru leyti“ tekinn úr bók Steingríms, en lagaður að breyttum tíma, eins og fram kemur í kennarahandbók með *Blákápu* (1994).

Umræður og ábendingar

- „Er eitthvað að?“ spyrja börnin þegar foreldrarnir kalla á þau.
- Hvað segir þetta um samband foreldra og barna?
- Hvað veldur því að allt fer í uppnám?
- Hafa nemendur upplifað svipað atvik heima hjá sér?
- Eiga börn og fullorðnir ekkert sameiginlegt?
- Hvað hefði fjölskyldan getað gert?
- Hefðu þau getað komist að sameiginlegri niðurstöðu? Hvernig?

Nemendur hafa gaman af því að samlesa leikrit. Á ítarefnislistanum eru nokkur leikrit sem hægt er að nálgast.

Verkefni

[Leikritagerð](#) (hópverkefni).

Ítarefni

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2006. *Leiklist í kennslu*. Handbók fyrir kennara. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Astrid Lindgren. 1978. *Sögur og ævintýri*. Vilborg Dagbjartsdóttir þýddi. Reykjavík, Mál og menning. *Leikum leikrit*. Leikpáttasafn fyrir krakka. 1996. Hildur Hermóðsdóttir, Kristín Steinsdóttir og Björg Árnadóttir sáu um útg. Reykjavík, Mál og menning.

Ragnheiður Jónsdóttir. 1948. *Faney: rit handa börnum og unglungum I–II*. Reykjavík, Eiríkur Baldvinsson.

Ragnheiður Jónsdóttir. 1960–64. *Ævintýraleikir I–III*. Reykjavík, Menningasjóður. (Fleiri leikrit sem byggjast á þjóðsögum).

Samlestrarbók. (án ártals). Reykjavík, Ríkisútgáfa námsbóka.

Þórey Sigþórsdóttir. 2009. *Leikræn tjáning*. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

<http://www.nams.is/leikritasmidjan/>

Bakgrunnur

Anton Helgi Jónsson fæddist 15. janúar 1955 í Hafnarfirði og ólst upp þar og í Reykjavík. Hann hefur gefið út nokkrar ljóðabækur, eina skáldsögu, samið nokkur leikrit, ásamt því að þýða erlendar bækur.

Ljóðin um **Jafet í föðurleit** eru úr ljóðaflokki (tvö fyrstu af fimm) í *Dropa úr síðustu skúr* (1979).

Í fyrra ljóðinu er vísun í þjóðtrúna. Móðir Jafets trúði á álfa og álfhóllinn var friðaður. Í þjóðsögum er greint frá stúlkum sem áttu börn með huldumönnum (sbr. **Ljúflingsmál** bls. 76 í *Blákápu*). Jafet trúir ekki á álfa í bókstaflegri merkingu en faðir hans er honum „huldumaður“. Faðirinn kemur stundum með gjafir, líkt og faðir Óla í **Dagurinn sá** en Jafet þráir framar öllu að þekkja föður sinn.

Í seinna ljóðinu er vísun í **Gylfaginningu** þar sem æsir léku sér að því að skjóta á Baldur án þess að hann sakaði, þangað til Loki fékk Höð blinda til að skjóta mistilteininum gegnum hann (sjá kaflann um dauða Baldurs bls. 163 í *Blákápu*).

Aftast í *Ljóðspeglum* eru „Lyklar að ljóðum“ þar sem m.a. er fjallað um vísanir:

„Vísun er það nefnt þegar skáldið nýtir sér efni annars skáldverks eða atburð og birtir í yfirborðsmynd ljóðsins til að auka á áhrifamátt þess. Vísun getur verið af sögulegum eða menningarlegum toga. En lesandinn verður að kunna skil á atburðinum eða verkinu svo skírskotun eða vísunin skiljist.“ (Ljóðspeglar, bls. 179)

Umræður og ábendingar

- Hvernig líður stráknum í ljóðinu?
- Er eitthvað líkt með honum og Óla í **Dagurinn sá**?

Ef kennarar ákveða að fjalla um vísanir er gott að finna dæmi sem nemendur þekkja og eru þeim aðgengileg. Þórarinn Eldjárn notar töluvert af vísunum í ljóðum sínum, t.d. í ljóðunum Ingó og Egilssaga í *Óðflugu*, og í ljóðinu Jónas litli í *Gælur, fælur og þvælar* þar sem vísað er til Jónasar Hallgrímssonar, fæðingarstaðar hans og skáldverka. Í framhaldi væri hægt að spyrja nemendur hvort nemendur muni eftir vísunum

- í teiknimyndum eða bíómyndum sem þeir hafa horft á.
- í myndum eða málverkum þar sem vísað er í sögur eða ljóð.

Hér er hægt að gefa dæmi um eplið sem er algeng vísun. Eplið og Eva í aldingarðinum eða lðunn og eplin úr goðfræðinni. Einnig epli í skólasamhengi – t.d. á skólaborði. Vísar til hefða í Bandaríkjunum þar sem nemendur færðu kennara sínum epli í upphafi skólastarfs til að koma sér í mjúkinn hjá honum.

Verkefni

Kennari velur vísur, ljóð eða sögur til að lesa upp og ræðir um vísanir við nemendur.

Ítarefni

Anton Helgi Jónsson. *Dropi úr síðustu skúr*. 1979.

Ljóðabækur Þórarins Eldjárns fyrir börn.

Bakgrunnur

Álfareiðin er þýðing Jónasar Hallgrímssonar á ljóðinu „Durch den Wald in Mondenscheine“ eftir þýska skáldið Henrich Heine. Þýðing Jónasar er ekki nákvæm, til dæmis er bragarhátturinn allt annar og mun knappari á frumkvæðinu. Illskiljanlegu „hornin jóa gullroðnu“ (sem myndskreytarar kvæðisins reyna ekki að teikna og menn hafa reynt að skýra hver á sinn hátt) eru þó bein þýðing á „güldnes Hirschgeweih“ álfahrossanna hvítu hjá Heine. Ekki kannast menn við að hestar þýskra álfa séu hyrdir fremur en reiðskjótar íslenskra álfa.

Álfareiðin er hárómantískt kvæði þar sem ástin og dauðinn eru samtvinnuð og þó hefur lengi verið litið á það sem barnaljóð hér á landi.

Umræður og ábendingar

Um áramót og á þrettándanum er orðið algengt að syngja **Álfareiðina** þegar komið er saman. Árni Björnsson segir í *Sögu daganna* á bls. 403–404: „Þar sem þrettándinn var síðasti dagur jólanna var oftast nokkuð um dýrðir og það borið fram sem eftir var af jólamat og drykk. Þetta var líka síðasta mikla spilakvöldið og var á öllu landinu talað um *að spila jólin út*. Á Norðurlandi var allt þetta tilstand kallað *að rota jólin*, ... alþekkt [var] að brennu á gamlárskvöld væri frestað fram á þrettándann ef þannig viðraði. Einnig kveiktu menn á þeim kertastubbum sem eftir voru og hét hvorttveggja *að brenna jólin út* ... Söngurinn „Nú er glatt í hverjum hól“ eftir Sæmund Eyjólfsson og Helga Helgason var saminn fyrir þrettándabrennu á Austurvelli í Reykjavík árið 1891. [Víða um land] var algengt að hafa álfadansinn á þrettánda þótt brenna væri á gamlárskvöld.“

Hvernig er þessu háttað þar sem nemendur þekkja til?

- Er brenna bæði á gamlárskvöld og þrettándanum?
- eru hátíðarhöld með dansi, álfadrottningu og kóngi ásamt Grýlu og jólasveinunum á þrettándanum?

Gagnvirk stafsetningaræfing (ng-nk, g-k, f-v, hv-kv):

<http://vefir.nams.is/stafsetning/25.htm>

Verkefni

Kennari og nemendur lesa ljóðið, læra það jafnvel utanbókar og syngja lagið.

Ítarefni

Þórunn Björnsdóttir. 2004. *Syngjandi skóli* – söngbók og hljómdiskur. Reykjavík, Námsgagnastofnun. (Álfareiðin bls. 43 og Nú er glatt í hverjum hól bls. 6.)

Nánar um kveikju Heine að kvæðinu í *Kennarahandbók Blákápu* (1994) eftir Guðnýju Ýri Jónsdóttur og Silju Aðalsteinsdóttur.

Ýmsar útgáfur af sönglaginu Álfareiðin.

Bakgrunnur

Oft tölum við um „óhreinu börnin hennar Evu“ þegar fjallað er um þjóðfélagshópa sem eru hornrekur í kerfinu. Þessi saga um uppruna álfa skýrir orðasambandið og jafnframt hvers vegna þeir eru ósýnilegir. Eva vildi ekki sýna Guði börnin sem voru óþvegin og faldi þau. Þetta vissi Guð og mælti því svo fyrir að það sem ætti að vera honum hulið ætti líka að vera ósýnilegt fyrir mönnum.

„Önnur sögn greinir svo frá, að í upphafi hafi Guð skapað konu af moldu fyrir Adam. En kona þessi var svo ókyrr hjá honum og stygg að hvorki Adam né Guð gátu neinu tauti við hana komið. Fór svo að lokum, að Guð skapaði henni mann eftir hennar eðli og nefndi hann Álf, en hana Alvör og eru af þeim komin öll tröll og álfar.“ (JÁ III:4/Óþ 1995:9–10.)

Enn önnur saga segir að guð hafi í öndverðu skapað hjón sem hétu Adam og Karlinna. Þau þráttuðu og konan hafði rétt fyrir sér. Þá lét guð svefn falla á þau bæði og skapaði karlmann úr Karlinnu en konuna Evu úr Adam. Karlinna og karlmaðurinn sem af henni var skapaður urðu foreldrar álfa (*Íslenskar þjóðsögur V*).

Í *Grimmsævintýrum (IV)* er saga um börnin hennar Evu sem eru ófríð en ekki óhrein. Þegar von var á Guði þá faldi Eva ófríðu börnin sín á ýmsum stöðum. Guð kom og blessaði fallegu börnin og úthlutaði þeim háum embættum. Þá snerist Evu hugur og sótti ófríðu börnin til þess að þau fengju líka blessun og embætti. Guð blessaði þau en fékk þeim störf í samræmi við felustaðinn. Sá sem var í heysátunni varð bóndi, bakarinn var falinn í ofninum og þannig hélt það áfram þar til allir fengu eitthvert starf.

Öllum upprunasögum ber saman um það að heimkynni huldufólks séu í jörðu, ef undan er skilin frásögn *Snorra Eddu* um Álfheim. Aðallega eru bústaðir þeirra í hólum, klettum og steindröngum. Ljúflingar búa þó ekki í brunnu grjóti segir á einum stað, því hraunin eru heimkynni illra vætta og dauðra manna (JÁ I:28–29).

Svo virðist sem íslensk þjóðtrú geri ekki greinarmun á álfum annars vegar og huldufólki hins vegar, enda þótt þessar tvær nafngiftir hafi verið viðhafðar um huldar verur í hólum og klettum frá öndverðu. Þó má með gaumgæfni finna óljós merki þess að huldufólkið standi ef til vill nær sjálfri þjóðtrúnni, en álfarnir skáldskapnum. Þannig er huldufólkið að mörgu leyti líkara mannfólkinu, og jarðneskt í útliti og klæðaburði. Álfar berast meira á með litklæðum sínum og íburðarmiklum híbýlum sem oft minna meira á sagnaveröld ævintýra en þjóðtrúarsagna (Óþ, 1995:10).

Verkefni

Umræður um álfa, tilurð þeirra og heimkynni.

Ítarefni

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I–VI. 1961. Safnað hefur Jón Árnason. Reykjavík, Ísafold.

Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur. Álfar og tröll*. Reykjavík, Bóka- og blaðaútgáfan SF.

Trunt, trunt og tröllin. 2009. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar í ýmsum útgáfum.

Bakgrunnur

Hugtakið „þjóðsaga“ er notað í víðri merkingu um allar höfundarlausar frásagnir sem hafa gengið í munnmælum áður en þær voru færðar í letur. Markviss söfnun þjóðsagna hófst í Norður-Evrópu snemma á 19. öld í tengslum við rómantísku stefnuna í bókmenntum og listum. Hér á landi fóru Magnús Grímsson og Jón Árnason að safna þjóðsögum um miðja 19. öld. Jafnframt sömdu nafngreindir höfundar ný ævintýri, til dæmis H.C. Andersen og Jónas Hallgrímsson.

Helstu einkenni þjóðsagna

- Sögurnar eru yfirleitt frekar stuttar, sagt er frá í réttri tímaröð og persónur fáar.
- Málfar er kjarnmikið og inniheldur oft vísur og stef ásamt stuðluðum setningum.
- Draumar koma oft við sögu, galdrar og álög.
- Andstæður eru áberandi og endurtekningar algengar.
- Þrítalan mikið notuð og einnig tölurnar fimm og sjö og margfeldi þeirra.
- Þjóðsögur enda oft illa.
- Íslenskar þjóðsögur fjalla gjarnan um samskipti fólks við tröll og forynjur, útilegumenn, álfa og óblíð náttúruöflin.

Sögurnar **Álfarnir og Helga bóndadóttir** og **Álfadans á nýársnótt** eru frásagnir af jóla- og nýársgleði álfa. Ó.P. segir í bók sinni *Álfar og tröll* (1995) að í frásögnum af jóla- og nýársgleði álfa kristallist hvað best hve ólíkar kröfur voru gerðar til kvenna og karla. Orðrétt segir: „Allar hefjast sögurnar á því að fólk þarf að fara til messu á jóla- eða nýársdag. Enginn vill þó verða eftir til að gæta bæjarins, því brögð hafa verið að því að þeir sem urðu eftir á meðan heimilisfólk fór til kirkju árin á undan, annaðhvort sturluðust eða fundust dauðir að morgni. Að lokum fer svo að einhverjum er falið að verða eftir og hefst þá tvíþætt atburðarás, eftir því hvort viðkomandi er karl eða kona. Karlinn sem eftir situr er oftast einhver aðkomumaður sem sjálfur býðst til starfans. Sé það hins vegar stúlka sem verður eftir, hefur henni verið skipað það. Í báðum tilfellum er ljóst að afdrif sögupersónanna munu ráðast af því hvernig þær bregðast við því sem í vændum er, það er að segja komu huldufólksins þegar líður á kvöldið“ (sjá nánar bls. 15–16).

Umræður og ábendingar

Helga bóndadóttir

- Hvers vegna felur Helga bóndadóttir sig ekki fyrir álfunum?
- Hvers vegna launa álfarnir Helgu bóndadóttur vel en skaða húsfreyjuna?
- Hvernig væri framvinda sögunnar önnur ef Helga bóndadóttir hefði falið sig?

Álfadans á nýársnótt

- Er gæslumaðurinn (annar bróðirinn) hræddur við huldufólk?
- Hvers vegna felur gæslumaðurinn sig bak við þilið?
- Hvers vegna drepur huldufólkið hundinn?
- Ætli að það sé mismunur á mannapef og álfapef?

Báðar sögurnar

- Hvers vegna þarf að gæta bæjarins um jól og áramót þegar fólk fer til kirkju?
- Ræða mismun sagnanna með kven- og karlhlutverk í huga.

Gagnvirkar stafsetningaræfingar með texta úr Álfarnir og Helga bóndaóttir:

(y, n-nn, f-v, hv-kv) <http://vefir.nams.is/stafsetning/28.htm>

(n-nn, y-ý,an, ng-nk) <http://vefir.nams.is/stafsetning/29.htm>

Verkefni

Álfarnir og Helga bóndadóttir: Skrifa frétt.

Álfadans á nýársnótt: Samtal.

Ítarefni

Guðrún Bjartmarsdóttir. 1988. *Bergmál sýnisbók íslenskra þjóðfræða*. Reykjavík, Mál og menning.

Ólína Þorvarðardóttir. 1995. *Íslenskar þjóðsögur. Álfar og tröll*. Reykjavík, Bóka-og blaðaútgáfan SF.

Trunt, trunt og tröllin. 2009. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Bakgrunnur

Í ljóðinu Sprengisandur setja hraði og ótti mestan svip á textann, endurtekningar magna andblæ ótta þeirra sem eru einir á ferð fjarri mannabyggð. Efni ljóðsins er fengið úr Þjóðtrúnni.

Í lagi Sigvalda Kaldalóns má heyra hófatakið glymja í eyrum og takturinn og hraðinn magna upp spennuna.

Leiðin yfir Sprengisand er bæði gömul og ný, þótt þar hafi ævinlega verið færri fólk á ferðinni en yfir Kjöl og Kaldadal. Ástæðan var einkum sú að

- mun lengra er á milli áfangastaða á þeirri leið (hagar fáir og um 70–80 km milli þeirra)
- vegalengdin milli byggðra bóla á Norður- og Suðurlandi er lengri á Sprengisandi en á Kili
- erfitt var að komast yfir straumharðar jökulárnar

Sprengisandur hét áður Gásasandur (Gæsasandur). Ferðir um fjallveginn lögðust niður um 1700. Kennileiti týndust og örnefni gleymdust. Á leiðinni suðvestur af Fjórðungsvatni eru „Sprengir“ sem er sléttur sandur milli Sveina og Beinakerlingar. Líklegt er að ferðamenn hafi hleypt þar hestum sínum. Önnur skýring er til á þá vegu að þeysireiðin hafi verið svo mikil yfir drungalega auðnina að hestarnir hafi sprungið á reiðinni við Sprengi.

- Það þótti greið leið að fara á hestum milli byggða á þrem sólarhringum.
- Fyrsta ferðin með bíl var farin 1933 og tók sex daga.

Núverandi leið, svokölluð Ölduleið, er mun austar en gamla leiðin. Leiðin er greiðfær jepum en verður yfirleitt ekki fær fyrr en í júlí á sumrin. Helstu farartálmar eru óbrúaðar ár, Nýjadalsá og Hagakvísl. Á Sprengisandi skiptast á sléttur, grágrýtisbreiður og öldur þaktar jökulurð.

- Sprengisandur, ásamt Ódáðahrauni, er mesta auðn Evrópu.

Nafnið Ódáðahraun hefur verið talið frá seinni hluta 16. aldar. Þjóðtrúin ætlaði að í hrauninu byggju útilegumenn í frjósömum dölum. Skálholtsbiskupar fóru um hraunið með fylgdarliði sínu í vísitasíuferðum til Austurlands. Þjóðtrúin og staðhættir hafa valdið ótta hjá mönnum um illvætti og útilegumenn sem eiga að leynast í hraungjótum og sandhólum. Fjalla-Eyvindur og Halla voru tekin höndum við Hreysiskvísl árið 1772.

Umræður og ábendingar

- Ræða um mun á ferðalögum fyrr á öldum og á okkar dögum.
- Hvernig ferðaðist fólk á milli landshluta?
- Eru sömu hindranir í dag og voru á ferðalögum áður fyrr?
- Ræða þær hættur sem búast má við á leiðinni.
- Hvernig er best að fara að við þessar aðstæður?
- Hringvegurinn var opnaður formlega árið 1974 þegar Skeiðarárbrúin var vígð.
- Hægri umferð var tekin upp á Íslandi 1968.
- Fyrsti bíllinn var fluttur inn 1904.
- Farartálmar á okkar tímum: malarvegir, einbreiðar brýr?

Ferskeytlan **Kveðið á sandi** eftir Kristján Jónsson lýsir ágætlega för í myrkri og einmanaleika.

Yfir kaldan eyðisand,
einn um nótt ég sveima.
Nú er horfið Norðurland,
nú á ég hvergi heima.

Gagnvirk stafsetningaræfing um y, n-nn, hv-kv og samhljóða:

<http://vefir.nams.is/stafsetning/18.htm>

Verkefni

Kennari og nemendur geta lesið ljóðið upp, hlustað af hljómdiski og sungið.

[Merkja leiðina inn á landakort.](#)

Ítarefni

Jón R. Hjálmarsson. 2000. *Þjóðsögur við þjóðveginn*. Reykjavík, Almenna bókafélagið. (bls. 220)

Þórunn Björnsdóttir. 2004. *Syngjandi skóli* – söngbók og hljómdiskur. Reykjavík, Námsgagnastofnun. 2004. (bls. 5)

Ólíkar söngútgáfur af Á sprengisandi með lagi Sigvalda Kaldalóns.

Sögur og leikrit um Fjalla-Eyvind og Höllu.

Bakgrunnur

Álfar eru að jafnaði ósýnilegir mönnum. Þeir búa í hólum, steinum eða hömrum, sem skyggnir menn sjá að eru hin reisulegustu húsakynni. Lifnaðarhættir þeirra eru svipaðir háttum menskra manna. Þeir búa að sínu, róa til fiskjar, heyja, sækja messur og fara í kaupstað svo nokkuð sé nefnt, en oftast eru þeir efnaðri en mennsk alþýða. Þeir geta verið bæði góðir og illir. Þeir eiga til að liðsinna mönnum óbeðnir eða vinna þeim tjón að tilefnislausu, en oftast eru þeir að bregðast við framkomu fólks við þá. Þeir launa ríkulega það sem þeim er vel gert, en hefna mótgerða grimmilega. Þeir eru á ferð og flugi um jól og áramót, halda veislur og flytjast búferlum. Heill þess, sem á vegi álfa varð, var undir því komin að hann brygðist rétt við því sem hann sá og heyrði.

Trú á álfa var rík hér á landi öldum saman og má jafnvel finna mörg dæmi um hana víða um land á öld tækni og vísinda. Álfhólsvegur í Kópavogi var til dæmis mjókkaður við Álfhól til að raska ekki byggð álfa. Vegir hafa verið sveigðir fram hjá stórum steinum og í einhverjum tilfellum hafa vinnuslys verið rakin til þess að hreyft hafi verið við bústöðum álfa. Álfabyggðir í Reykjavík, Hafnarfirði og víðar á landinu hafa verið kortlagðar. Boðið er upp á sérstakar ferðir með fararstjórum á slóðir álfa.

Umræður og ábendingar

- Hugleiða hvort hægt sé að sjá til fjögurra kirkna á krossgötum í byggð nemenda.
- Hvað eru nemendur gamlir ef talið er eftir jólanóttum? Breytist aldur þeirra?
- Ræða hugmyndina um að vera sjálfum sé nógur og/eða þiggja ekki af ókunnugum.
- Fylgir því boðskapur í sögunni að þiggja ekkert af álfunum?
- Hvers vegna fer illa ef maður freistast til að taka við gjöfum álfanna?
- Endurspeglar það eitthvað í sambandi við það samfélag sem var (að þiggja ekki af ókunnugum)?
- Er það enn þá þannig?
- Er ykkur ráðlagt að þiggja af ókunnugum?
- Getur það haft einhverjar afleiðingar? Hverjar?

Gagnvirk stafsetningaræfing (almenn æfing):

<http://vefir.nams.is/stafsetning/30.htm>

Verkefni

Höfuðáttirnar og samtal.

Ítarefni

Árni Björnsson. 2000. *Saga daganna*. Reykjavík, Mál og menning.

(Jól, áramót og þrettándinn, bls. 314–404.)

Jón R. Hjálmarsson. 2000. *Þjóðsögur við þjóðveginn*. Reykjavík, Almenna bókafélagið. (Una álfkona í Rauðafelli, bls. 158. Álfadrottningin í Snotrunesi, bls. 114. Álfakirkjan í Tungustapa, bls. 34.)

Bakgrunnur

„Allmargar sögur greina frá því er álfar hylla til sín menn – og var það jafnan hinn mesti háski að lenda í hulduheimum. Margar sögur greina frá því að álfar taki til sín börn. Sé barnið komið á legg, grípa álfarnir til þess ráðs að bregða sér í líki einhvers sem barnið þekkir og tæla það þannig með sér.“

„Þess eru einnig dæmi að huldufólk hafi líknað börnum, eða aðstoðað menn við að finna þau, jafnvel eftir margra daga leit. Í þeim sögum er þeirri spurningu látið ósvarað hvað olli hvarfi barnanna, en gefið er í skyn að endurfundirnir við þau séu verk huldufólksins.“

(Álfar og tröll. Ó.þ bls. 16–17)

Umræður og ábendingar

- Hafa nemendur heyrt af sögum um börn sem hafa týnst?
- Fundust börnin aftur með hjálp annarra? Hverra?
- Hafa nemendur sjálfir lent í þeim aðstæðum að týnast?
- Hvernig fundust þeir (ef þeir hafa týnst)?

Stundum hverfa hlutir og finnast ekki sama hvernig leitað er. Þeir finnast kannski næsta dag eða síðar og eru þá oft á augljósum stað þar sem fullvíst þykir að leitað var á.

- Hafa nemendur týnt einhverjum hlut og alls ekki fundið hann?
- Þekkja nemendur slík atvik?
- Hvað ætli hafi orsakað það að hluturinn fannst?

Verkefni

Ritun: Tapað – fundið: Uppsett verkefni er ekki að finna í verkefnahlutanum en kennarar geta látið nemendur skrifa stutta sögu um barn sem týnist eða hlut sem týnist í ritunarbók.

Ítarefni

Grímur Hákonarson. 2010. *Sumarlandið*. Kvikmynd. Baltasar Kormákur og Sögn EHF.

Bakgrunnur

Í bókinni *Álfar og tröll* eftir Ólínu Þorvarðardóttur er að finna mikinn fróðleik um ástarsamskipti manna og álfa. Þar segir Ólína m.a. frá því að ástarævintýri við álfa voru mismunandi eftir því hvort það voru konur eða karlar sem áttu í hlut. Konurnar eiga í stuttum ævintýrum sumarlangt í selinu sem eru í senn rómantísk og harmþrungin. Þær leyndótímabærri þungun og Ljúflingurinn hjálpar oft við fæðingu barnsins og tekur það að sér. Í framhaldi gifta þær sig nauðugar og allt gengur sinn vanagang þar til huldumaðurinn úr selinu forðum kemur sem vinnumaður og hefur með sér ungan son. Þar er þá kominn drengurinn sem fæddist á laun. Karlarnir fara hins vegar gjarnan á ástarfund huldukvenna í álfheimum og snúast þeir fundir um að sanna karlmennsku sína, ef það gengur ekki eftir getur afleiðingin orðið ævilöng álög, algjört lánleysi í lifanda lífi.

Ólína segir jafnframt athyglisvert hvað boðskapur sagnanna sé ólíkur og skýr skil séu á milli skilaboða sem ætluð eru konum annars vegar og körlum hins vegar, orðrétt segir:

„Í kvennafarssögum karla í álfheimum gætir einkennilegrar léttúðar, enda þótt þar sé tekið á alvarlegu áhyggjuefni velflestra ungmenna, nefnilega getu þeirra til kvenna. Alvörubunginn liggur í áherslunni á nauðsyn þess að sanna karlmennsku sína – en áhyggjur af afleiðingum sömu karlmennsku, til dæmis ótímabærri þungun ungrar álfkonu, eru hins vegar víðs fjarri. Allt öðru máli gegnir um sögur af ástum kvenna og Ljúflinga, því í þeim verða stúlkurnar undantekningalaust barnshafandi og þurfa að takast á við afleiðingar þess að hafa látið heillast af elskhugum sínum. Allt frjálsræði (kvenna) í ástamálum leiðir til ófarnaðar samkvæmt sögum þessum ...“ (bls. 15).

Umræður og ábendingar

Að eignast barn utan hjónabands var áður fyrr talin mikil synd.

- Hvernig er þessu háttað nú á tímum?
- Þarf fólk að vera gift til þess að eignast börn?
- Getur verið að sögur eins og **Ljúflingsmál** hafi verið sagðar þegar stúlka varð þunguð án þess að vera gift?

Verkefni

Nemendur geta æft ljóðið til upplestrar. Að auki er hægt að skipta erindum á milli nemenda eða hópa og teiknuð myndasaga sem túlkar ljóðið.

Ítarefni

Kveðið í bjargi. 1988. Hamrahlíðakórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur. Hljómdiskur.

(Tónverkið Requiem eftir Jón Leifs í flutning kórsins á geisladiskinum. Texti verksins er sóttur í Magnúsarkviðu eftir Jónas Hallgrímsson og Þjóðkvæði, m.a. Ljúflingsdilla.)

Sofi, sofi barnið eftir Kára Tryggvason.

Sofa urtubörn á útskerjum. Þjóðkvæði.

Bakgrunnur

Kirkjusmiðurinn á Reyni er flökkusaga sem þekkt er um öll Norðurlönd. Þar kemur fram forn átrúnaður tengdur nöfnum. Nafn manns var talið hluti af sál hans, og að vita nafn einhvers þýddi að fá nokkurt vald yfir honum. Aðrar sögur af svipuðum nafnagaldri eru t.d. Gilitrutt og sögur af nykrinum.

Í sögunni er annað minni, þ.e. smiðurinn sem verður af laununum, sbr. borgarsmiðurinn í *Snorra-Eddu* sem bauðst til að reisa svo trausta borg að æsir yrðu óhultir fyrir ágangi hrímþursa og berggrisa. Freyju átti hann að fá að launum, auk þess vildi hann fá sól og mána í kaupbæti. Æsir samþykktu þetta en á ögurstundu gripu þeir til sinna ráða, Þór drepur smiðinn með hamrinum Mjölni og æsir rjúfa eið sinn.

Umræður og ábendingar

Nú er algengt að fólk í ákveðnum störfum sé hvatt til að nota nöfn viðmælenda sinna. Þetta er t.d. nokkuð áberandi hjá sölumönnum.

- Getur verið að það hafi sama áhrifamátt og í sögunni? Fær sölumaðurinn aukið vald með að nota nafnið?

Hugleiða með nemendum nöfn og nafngiftir.

- Hvaðan kemur nafnið þitt?
- Hvað merkir það?
- Þykir þér vænt um nafnið þitt?

Benda nemendum á áhrifamátt bundins máls í þjóðsögum.

Ef vísunni er breytt í óbundið mál kemur glögggt í ljós að vísuþrotið eykur áhrif textans.

Gagnvirk stafsetningaræfing um i/y, ng/nk og n/nn:

<http://vefir.nams.is/stafsetning/17.htm>

Verkefni

Endursögn.

Ítarefni

Guðrún Bjartmarsdóttir. 1988. *Bergmál sýnisbók íslenskra þjóðfræða*. Reykjavík, Mál og menning.

Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni. 1991. *Nöfn Íslendinga*. Reykjavík, Heimskringla.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. 2003. „Segir þar af tröllum, álfum og mönnum“. (Gilitrutt). Myndband. Gelmir.

Gilitrutt í ýmsum útgáfum.

Sögur af nykrum úr þjóðsagnasöfnum. Nöfn Íslendinga er einnig hægt að skoða á vefnum: www.snara.is

Bakgrunnur

Fyrir kom að álfar skildu eftir sitt eigið hyski í stað barna sem þau tóku, og voru það nefndir umskiptingar. Í stað barnanna settu álfkonurnar tannlausar karluglur eða útlifaðar kerlingar úr álfheimum sem þær höfðu hnoðað og kýtt saman uns þau voru á stærð við reifastranga (JÁ I:47). Umskiptingarnir höfðu útlit barnsins, en voru að sjálfsgöðu ódælli og ómeðfærilegri á alla lund. Var þá gripið til þess ráðs að berja þá til óbóta uns álfkonunum blöskruðu aðfarirnar og komu aftur með barnið sem þær höfðu tekið, en forðuðu álfinum undan barsmiðunum eins og í sögunni **Átján barna faðir í álfheimum**. (Álfar og tröll Óþ bls. 17)

Frásagnir af umskiptingum eru svipaðar hér og í nágrennalöndunum. Sennilega er kveikjan að þeim að barn týnist eða þroskast ekki eðlilega og sýna sögurnar viðhorf til barna sem voru afbrigðileg. (GÝJ og SA Kennarabók Blákápa bls. 18)

Í bókinni *Íslenskum þjóðháttum* eru lýsingar af hörðu og vægðarlausu uppeldi

„Meðferðin á börnum var enda stundum ógurleg, t.d. eins og það, að fátæklingar bundu 2–4 ára gömul börn stundum við rúmstaf eða dyrastaf heima í baðstofunni eða bænum og létu þau dúsa þar allan daginn, á meðan þeir voru á engjum eða við aðra útivinnu. Börnin urðu við þetta hálfærð af hræðslu, orguðu sig uppgefin og ultu svo útaf sofandi af þreytu, og svo byrjaði sami leikurinn þegar þau vöknuðu. Munu margir umskiptingar og hálfbjánar og vandræðaunglingar, sem svo margt var til af fyrrum, eiga ætt sína að rekja til meðferðarinnar á barndómsárunum.“ (Jónas Jónason. 1975. *Íslenskir þjóðhættir*. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja. bls. 271.)

Umræður og ábendingar

Algengt var að hræða börn til hlýðni með ýmsu móti.

- Ætli það sé enn þá gert og hvernig birtist það?
- Hver er boðskapur sögunnar um átján barna föður í álfheimum?
- Hvernig hegða góð börn sér? Hvernig hegða óþæg börn sér?

Í *Vísnaðókinni* á bls. 53 eru svohljóðandi vísur:

Góðu börnin gera það:	Illu börnin iðka það;
guð sinn lofa og biðja,	æpa, skæla og hrína,
læra að skrifa og lesa á blað,	hitt og þetta hafast að,
líka margt gott iðja.	henda, brjóta og týna.

Þegar börn voru mjög óþekk áður fyrr var stundum sagt að þau hegðuðu sér eins og þau væru umskiptingar. Þar var vísað beint í þjóðsagnir þar sem umskiptingum hefur verið skipt út fyrir börn.

- Er munur á því að vera óþekkur og að vera óviti?
- Hver er munurinn?
- Hvaða orð og orðtök eru notuð um börn sem eru óþekkt?

Börn geta verið: ódæl, kenjött, ekki í húsum hæf, til ófriðs, óalandi og óferjandi o.s.frv.

Verkefni

Sögugerð – umskiptingur – orðalisti og hugtök um óþekkt.

Ítarefni

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. 2003. „Segir þar af tröllum, álfum og mönnum“. Átján barna faðir í álfheimum. Myndband. Gelmir.

Sögur um börn sem eru ódæl t.d. Guttavísur, Lata stelpa og Emil í Kattholti.

Bakgrunnur

Til þess að hafa börn góð áður fyrr voru kveðnar yfir þeim barnagælur og barnavísur. Þegar þau voru óþæg var óðara farið að hræða þau til að þegja og hlýða. Ýmsar herfilegar vættir komu þá í góðar þarfir, eins og Grýla, Leppalúði, boli, jólakötturinn og ókindin.

Svona segir húsgangurinn að eigi að refsa börnum fyrir óþekkt:

Það á að strýkja strákaling	Það á að strýkja stelpuna,
stinga' honum ofan í kolabing,	stinga' henni ofan í mykjuna,
loka' hann úti í landsynning	loka' hana úti og lemja' hana
og láta hann hlaupa allt í kring.	og láta' hann bola éta' hana

Umræður og ábendingar

- Hvers vegna tók ókindin barnið?
- Hvað hafði það brotið af sér?
- Hræða fullorðnir börn nú á dögum?
- Hræða eldri systkini þau yngri?
- Og þá með hverju?
- Eru ung börn skilin eftir ein heima nú á tímum?
- Á Ókindarkvæði við á okkar dögum?
- Eru göt í borgum, bæjum og sveitum sem þarf að varast, eins og í dalnum í kvæðinu?

Listamennirnir Megas og Þórarinn Eldjárn hafa báðir nýtt sér Ókindarkvæði í sín verk. Túlkun Megasar á kvæðinu á hljómdiski sínum *Nú er ég klæddur og kominn á ról*, er drungaleg og skelfingin skín í gegn.

Ljóð Þórarins Barnið í dalnum í ljóðabókinni *Gælur, fælur og þvælur* er skemmtileg útfærsla á frumljóðinu þar sem lítil stúlka leikur á ókindina.

Verkefni

Ljóðið lesið upphátt eða hlustað á hljómdisk og efni þess rætt.

Ítarefni

Megas. 2002. *Nú er ég klæddur og kominn á ról*. Ókindarkvæði í IV þætti – Grave horrible / allegro. Hljómdiskur.

Þórarinn Eldjárn. 2007. *Gælur, fælur og þvælur*. Reykjavík, Vaka-Helgafell.

Geisladiskur sem fylgir *Gælur, fælur og þvælur* og Bárna Grímsdóttir kveður (10).

Raddir. 1998. Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar og Smekkleysa – Hljómdiskur. (Ókindarkvæði.)

Grýlukvæði sungið á vef Námsgagnastofnunarinnar:

<http://nams.is/Namsefni/Valid-namsefni/?productid=a979f19e-39eb-40ea-a889-c34436f9e988&categoryid=>

Bakgrunnur

Kvæðið telst til sagnadansa, en það eru kvæði sem segja sögu og voru kveðin fyrir dansi á miðöldum. Sagnadansar eru erlendir að uppruna og stór hluti íslenskra sagnadansa á sér beinar erlendar hliðstæður. Dansarnir gengu lengi í munnmælum áður en þeir voru skráðir og þess vegna eru margir þeirra til í fleiri en einni gerð. Málfar dansanna er sérkennilegt og ber vott um erlandan uppruna (t.d. gá: ganga, stá: standa). Rímið er óvandað og stuðlun og hrynjandi oft óregluleg. Kvæðin hafa viðlag sem fléttast við hverja vísu.

Kvæðið **Ólafur liljurós** er einn þekktasti sagnadans hér á landi. Íslensku afbrigðin eru mörg en segja öll ófullkomna sögu. Ólafur hittir álfameyjarnar, hafnar þeirri sem vill eiga hann en kyssir hana þó og hlýtur af henni banasár. Í þeirri gerð sem flest börn þekkja er sagan óvenju endaslepp: Ólafur hittir álfameyjarnar, hafnar því að búa með þeim og vendir sínu kvæði í kross! Sú gerð af kvæðinu sem hér er prentuð er tekin úr *Íslenskum fornkvæðum VI* bls. 150–151.

Kvæðið er þekkt víða um Evrópu. Í erlendum gerðum þess kemur fram að Ólafur var að bjóða til brúðkaups síns þegar álfameyjarnar reyndu að villa hann. Hér birtist e.t.v. þjóðtrúin að illar vættir leitist við að spilla hamingju manna þegar hún er hvað mest (samanber ástina og feigðina í Álfareiðinni). Í sumum erlendum gerðum kemur fram að Ólafur átti vingott við álfameyna en sveik hana. Mennskir menn voru ekki jafntrúir álfkonum og ljúflingar mennskum stúlkum.

Umræður og ábendingar

- Hvers vegna hegðar álfamærin sér eins og hún gerir?
- Hvaða sögu segir kvæðið?
- Vikivaki er gamall íslenskur þjóðdans, algengur á hátíðum á 17. og 18. öld. Dansað er í jöfnum takti í hring, hönd í hönd, tvö skref til hægri og eitt skref til vinstri og endurtekið þar til kvæðið er búið.
- Tilvalið er að dansa vikivaka í skólastofunni, að taka höndum saman og dansa hringdans.

Færeyingar eru duglegir að viðhalda hringdansinum og kveða sín kvæði með.

Ólavur Riddararós á færeysku er hægt að nálgast t.d. á youtube í ólíkum útgáfum.

Verkefni

Söngur og dans.

Nemendur geta lesið ljóðið upp, hlustað eða sungið og dansað vikivaka. Einnig er hægt að skipta erindum á milli nemenda eða hópa og útbúa myndasögu.

Ítarefni

Ólafur liljurós á hljómdiskum. Ólíkar útgáfur.

Ólavur Riddararós. Ólíkar útgáfur á Netinu.

Bakgrunnur

Ragnheiður Jónsdóttir (1895–1967) var kennaradóttir frá Stokkseyri, og sjálf var hún innan við tvítugt þegar hún byrjaði að kenna þó að hún tæki ekki kennarapróf fyrr en 1923. Hún giftist Guðjóni Guðmundssyni skólastjóra. Ragnheiður skrifaði skáldverk bæði fyrir börn og fullorðna ásamt því að sinna kennslu. Helsta verk hennar er fjögurra binda verk úr minnisblöðum Þóru frá Hvammi, sem hófst á bókinni *Ég á gull að gjalda* (1954) um bernsku Þóru. Vinsælustu bækur Ragnheiðar voru bækurnar sex um Dóru. Víða má sjá merki bernskuminninga í bókum hennar, til dæmis í flokknum um Hörð og Helgu og í síðustu sögu hennar, *Atla og Unu*.

Leikritið er tekið úr *Ævintýraleikum fyrir börn og unglina I* (1960). Ragnheiður notar ýmsar þjóðsögur sem uppistöðu en býr til sínar eigin persónur. Rammi nátttröllssögunnar er sá sami og í sögunni af **Álfunum** og **Helgu bóndadóttur**: Stúlka er látin vera heima að gæta bæjarins á jólanóttina. Þegar nátttröllið stefjar á stúlkuna verður henni til bjargar að hún getur svarað tröllinu í sömu mynt og kveðist á við það uns dagur rennur og það verður að steini. Slíkur er máttur orðsins, og þá ekki síst kveðskaparins.

Í verkinu sjást skuggahliðar gamla samfélagsins: hvorki húsbændur né hjú fá að gera það sem þeim hugnast helst; börn eru tekin frá foreldrum sínum og sett niður hjá ókunnugum, og illa er farið með hreppsómaga.

Verkefni

Ritun: skrifa ný endalok (hópvinna) og leikræn tjáning.

Ítarefni

Gunnar Harðarson. 1991. *Tröllasögur*. Reykjavík, Bjartur. (Nátttröllið í Vesturbæ. Í sögunni er nátttröllið fært í nútímabúning.)

Leikum leikrit. Leikþáttasafn fyrir krakka. 1996. Hildur Hermóðsdóttir, Kristín Steinsdóttir og Björg Árnadóttir sáu um útg. Reykjavík, Mál og menning.

Ragnheiður Jónsdóttir. 1960–64. *Ævintýraleikir I–III*. Reykjavík, Menningarsjóður. (Fleiri leikrit sem byggjast á þjóðsögum.)

Samlestrarbókin. (án ártals). Reykjavík, Ríkisútgáfa námsbóka.

Bakgrunnur

Ljóð Guðmundar Böðvarssonar **Völuvísa** er pólitísk ádeila og lýsir andstöðu við veru Bandaríkjahers á landinu. Á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar ortu skáld gjarnan um náttúruna og létu hana koma með andmæli. Ljóðin lýstu baráttu fyrir friði og þjóðfrelsi.

Í ljóðinu er vísun í Völuspá. Í hlutverki völvunnar er gamall maður eða gömul kona sem á stutt eftir ólífað. Völvann vill miðla til yngri kynslóðarinnar boðskapnum um að ekki megi svíkja landið. Huldumey er hér landið. Boðskapnum er miðlað til ungu kynslóðarinnar og máli sínu til stuðnings vísar skáldið í vætti og náttúru; að dvergar, álfar og blóm hafi mælt svo fyrir að enginn megi svíkja landið. Sá sem gerir það mun þjást af samviskubiti og skammast sín fyrir verk sín.

Ljóðið er sungið á ýmsum hljómdiskum við lag Auðar Haraldsdóttur.

Umræður og ábendingar

Hægt er að einfalda boðskap ljóðsins og afmarka t.d. við að hér sé það eldri kynslóðin sem miðlar vísu til yngri kynslóðar áður en það er um seinan.

Nemendur geta hugsanlega sett sig í spor eldri manneskju, afa eða ömmu, sem vilja miðla til yngri kynslóðarinnar heilræðum um lífið og tilveruna áður en það er orðið of seint og jafnvel reyna að hjálpa þeim að greina rétt frá röngu.

Verkefni

Tilvalið er að æfa ljóðið til upplestrar eða læra utanbókar og syngja það saman.

Ítarefni

Hljómdiskar með Völuvísu :

Baráttusöngvar fyrir friði og þjóðfrelsi. Úr Nató – herinn burt. 2001. SHA.

Leggur og skel (safndiskur). 1999. Kristjana Stefánsdóttir syngur Völuvísu. R&R músík.

Bakgrunnur

Ævintýri og Þjóðsögur eiga margt sameiginlegt og stundum er erfitt að greina á milli.

Ævintýri gerast venjulega í ímynduðum heimi, eru óbundin stað og tíma, geyma oft galdra eða töfra. Oft langar frásagnir sem ekki er ætlast til að menn trúi. Þjóðsögur á hinn bóginn lýsa yfirleitt raunverulegri atburðum á stuttan og einfaldan máta. Þjóðsögur enda oft illa.

- Að auki eru eftirtalin atriði sem einkenna ævintýri:
- Þau eru formföst og frásagnarháttur er skáldlegur.
- Sagan er rökrétt heild í rétttri tímaröð; með kynningu, atburðarás, risi og lausn.
- Þau fjalla um baráttu góðs og ills og andstæður eru algengar, s.s. ríkur/fátækur, gjafmildur/nískur, líf/dauði.
- Þau enda alltaf vel fyrir aðalpersónurnar sem eru góðar, oftast en ekki með hjálp kynjavera, þrauta og töfra.
- Þríttalan er algeng og margfeldi hennar.
- Endurtekningar eru mikið notaðar svo og algengar setningar, s.s. einu sinni var, áttu börn og buru, þá var kátt í höllinni, köttur úti í mýri.
- Þau eru sögð til skemmtunar, flakka milli landa og taka á sig ýmsar myndir og nýjan búning eftir heimkynnum.

Umræður og ábendingar

Finnið frásagnamunstur sögunnar með nemendum.

1. Kynning (kóngur, drottning, Hlini, karl, kerling og Signý).
2. Röskun á jafnvægi / brottnám (Hlini hverfur).
3. Atburðarás/árekstrar þar til ris nær hámarki (margir leita, Signý fer af stað, finnur leið og leggur á ráðin með Hlina). Risið (hámark þess) er þegar Hlini hittir fjöreggið.
4. Lausn/jafnvægi (ráðabruggið tekst, kóngssonur og Signý giftast og hetjan Signý fær hálfkóngsríkið í laun). Ræða um ævintýraminni: Í þessu ævintýri eru þau rekkjan og fjöreggið.

Bendið nemendum á endurtekningarnar og stuðlunina sem auka áhrifamátt töfraorðanna.

Dæmi um föst orðasambönd í ævintýrinu: nesti og nýir skór, mannaþefur í helli okkar.

Þríttalan: Hlini er spurður þrisvar hvort hann vilji borða og hvort hann vilji giftast.

Kannast nemendur við orðið fjöregg. Hvað er það? Hvernig er það notað í daglegu tali?

Fjöregg er egg sem varðveitir líf þess sem á það. Trölilið deyr ef fjöregg þess brotnar. Í annarri merkingu getur fjöregg verið líftaug eða aðalbjargræði, t.d. hafa fiskveiðar verið fjöregg Íslendinga í gegnum aldirnar.

Gagnvirkar stafsetningaræfingar (y, hv-kv, f-v, g, samhlj.):

<http://vefir.nams.is/stafsetning/22.htm>

Verkefni

Sögugerð: ævintýri – huga að formi og einkennum ævintýra.

Ítarefni

Í ævintýralöndum. 1988. Tólf evrópsk ævintýri. Reykjavík, Mál og menning.

Ragnheiður Gestsdóttir. 1996. *Sagan af Hlina kóngssyni*. Ragnheiður Gestsdóttir endursagði og myndskreytti. Reykjavík, Mál og menning.

Ragnheiður Jónsdóttir. 1960–64. *Ævintýraleikir I–III*. Reykjavík, Menningarsjóður.
(Leikritið Hlini kóngsson.)

Trunt, trunt og tröllin. 2009. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Ævintýri H.C. Andersen í ýmsum útgáfum.

<http://vefir.nams.is/midbjorg/bokmenntir/aevintyri.ppt>

Bakgrunnur

Fjölismenn vildu kynna Íslendingum nýja strauma í bókmenntum. Þeir birtu þýðingar úr ritum nokkurra samtímahöfunda í tímariti sínu *Fjölni* undir miðja 19. öldina.

Jónas Hallgrímsson var mikill aðdáandi H.C. Andersens og meðal hinna fyrstu sem mátu hann að verðleikum. Jónas samdi ævintýrið *Fífil og hunangsflugu* í anda Andersens og þýddi og staðfærði ævintýrið *Legg og skel* (*Kærestefolkene*).

Stúlkan í turninum birtist eins og fyrrnefndu ævintýrin í *Fjölni* að Jónasi látnum. Menn hafa efast um að ævintýrið sé frumsamið, en bein fyrirmynd hefur ekki fundist og engin athugasemd í ritinu gefur til kynna að það sé þýtt eða stælt. Raunar mælir ekkert gegn því að Jónas hafi sjálfur samið ævintýrið í stíl hinna fjölmörgu sagna af stúlkum í haldi hjá óvættum.

Umræður og ábendingar

Sterkar andstæður setja svip á söguna: frelsi og ánauð, gott og illt, ljós og myrkur, nótt og dagur. Spennan í sögunni nær hámarki þegar stúlkan dregst af ómótstæðilegu afli að smugunni og er að því komin að láta undan freistingunni, velja nóttina og breytast í leðurblöku.

Epli er algengt minni í sögum:

- Í Eden var það eplið sem var freisting Evu.
- Eplin eru æskumeðal guðanna sbr. söguna af Iðunni og eplunum í norrænu goðafræðinni.
- Mjallhvít lætur freistast af eitraða eplinu frá norninni (vöndu stjúpunni).
- Jón Indíafari segir í Reisubók sinni frá epli sem réð bót á á langvarandi ungdómsmeinsemd hans og veitti honum heilbrigði og góðan viðgang.

Ræðið andstæðurnar í sögunni og fáið nemendur til að finna þær.

Umræðan um andstæðurnar og baráttu góðs og ills getur stuðst við spurningarnar:

- Hvað eru nemendur hræddir við?
- Hvað er það versta sem getur komið fyrir okkur?
- Hvernig vitum við ef við gerum eitthvað rangt?
- Hvað er að vera góð eða vond manneskja?
- Á hverju berum við ábyrgð? Hvers vegna er mikilvægt að axla ábyrgð?
- Hvernig getum við réttlætt gerðir okkar?

Berið saman ævintýrið af **Hlina kóngssyni** og **Stúlkunni í turninum**.

Hver bjargar hverjum?

- Hvernig slapp Hlini frá tröllunum?
- Hvernig slapp stúlkan úr jarðhúsinu?

Verkefni

Sögugerð: ævintýri/hrollvekja – huga að formi og einkennum ævintýra.

Ítarefni

Íðunn Steinsdóttir. 1987. *Íðunn og eplin*, endursögn. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Jónas Hallgrímsson. 1987. *Leggur og skel*, ævintýri. Reykjavík, Svart á hvítu.

Barnaópera byggð á sögunni var flutt árið 2000 í tengslum við Reykjavík menningarborg árið 2000.

Óperan heitir Stúlkan í vitanum / stúlkan í turninum, tónskáld er Þorkell Sigurbjörnsson og textann gerði Böðvar Guðmundsson. Bæklingur með hugmyndum að verkefnum með ævintýrinu var gefinn út af Fræðslumiðstöð Reykjavíkur í janúar 2000.

Bakgrunnur

Hér er farið hratt yfir sögu lífs á jörðunni, forvera mannanna og mannanna sjálfra þangað til þeir setjast um kyrrt. Þátturinn minnir á hvað manneskjan er nýkomin til sögu jarðarinnar þó að hún hafi lagt hana undir sig og hagi sér eins og hún hafi alltaf ráðið henni ein.

Í kaflanum er tæpt á svokölluðum vatnakeningum breska mannfræðingsins Elaine Morgan sem skrifaði bókina *Descent of Woman* (1972) til að andmæla hugmyndum Desmond Morris (*Nakti apinn*) og fleiri mannfræðinga um þróun mannsins.

Í örstuttu máli þá bendir hún á sterk líkindi milli manna og annarra spendýra sem lifa eða hafa lifað í vatni, til dæmis hvala og flóðhesta. Hún nefnir fjöldamargt sem styður þá hugmynd að manneskjan hafi tekið umtalsverðan hluta þróunar sinnar í vatni, auk aðalatriðisins sem er að við, ein æðri spendýra, göngum upprétt. Það sem er t.a.m. ólíkt öðrum landdýrum: nýfæddum börnum líður vel í vatni og fara að bjarga sér þar sjálf, maðurinn getur kafað lengur og til þess þarf að hafa góða stjórn á öndun og getur því talað og sungið. Sviti manna er saltari og manneskjan er eina dýrið sem ekki finnur fyrir saltskorti fyrr en um seinan. Manneskjan er eini primatinn sem grætur (söltum tárur), þetta gera líka selir og otrar. Karlar og konur snúa framhliðum saman við mök, það gera líka hvalir, hnísur og höfrungar en ekki önnur landspendýr þar sem karldýrið kemur að kvendýrinu aftanverðu.

Kenningar Elaine eru umdeildar en afar skemmtilegar (sjá grein Ö.T. 1993).

Umræða og ábendingar

Margt hefur verið ritað um upphaf mannsins á jörðunni og margar kenningar verið settar fram. Lítil kveikja um efnið skapar yfirleitt líflegar umræður. Nemendur hafa frá unga aldri séð ótal teiknimyndasögur og myndir um þróun lífs á jörðunni. Dýr höfða til þeirra, þ.m.t. risaeðlurnar og önnur fornaldar-dýr.

Hvað kom fyrst af öllu?

Hvernig varð þróunin?

Bók Josteins Gaarder *Halló! Er nokkur þarna?* er tilvalin til upplestrar í þessu samhengi. Þar er tekið á ýmsum spurningum um tilurð heimsins á heimspekilegan hátt fyrir börn.

Verkefni

[Myndasaga um Þróun lífsins á jörðinni.](#)

Ítarefni

Guðmundur Eggertsson. 2008. *Leitin að uppruna lífs*. Reykjavík, Bjartur.

Jostein Gaarder. 1996. *Halló! Er nokkur þarna?* Reykjavík, Mál og menning.

Miklihvellur og svo kom lífið. 2001. Þýð. Jón Daníelsson. Reykjavík, Skjaldborg.

Mannkyn í móttun. 1989. Þýð. Haraldur Ólafsson. Reykjavík, Vaka-Helgafell.

Risaeðlubækur, t.d. Mál og menning og Skjaldborg frá árinu 2007.

Veröldin og við. 1967. Ný fjölfræðibók. Þýð. Freysteinn Gunnarsson. Reykjavík, Setberg.

(bls. 5–23) *Þróun lífsins*. 1983. Þýð. Ólafur Halldórsson. Reykjavík, Örn og Örlygur.

Örnólfur Thorlacius. 1993. „Apinn í vatninu.“ *Náttúrufræðingurinn* 63 (3–4), bls. 151–57.

Bakgrunnur

Ragnar Ingi Aðalsteinsson minnir á að það er ýmislegt sem ekki breytist í tímans rás þrátt fyrir byltingar á öðrum sviðum.

Umræðuefni og ábendingar

Yfir hverju gæti maðurinn í kvæðinu kvartað á okkar tímum?

Hvaða skoðun hefur skáldið á persónu sinni í kvæðinu og hvernig kemur hann henni á framfæri?

Ljóðið er gott til að benda nemendum á ljóðstafi; stuðla og höfuðstafi.

Rímið birtist í annarri og fjórðu línu en ekkert rím er í fyrstu og þriðju línu.

Í bókinni Bragfræði eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson (2010) er að finna nánari útskýringar á rími. Táknin sem notuð eru til að aðgreina fjölda atkvæða í rími eru ýmist stór eða lítill bókstafur, a, b, A, B. Lítill bókstafur táknar að rímið er eins atkvæða orð. Stór bókstafur merkir að rímið er tvö atkvæði eða jafnvel fleiri. Rímið í vísunum í verkefninu má því tákna svona:

Fyrsta vísan: Runurím, endarím og allar línur ríma, aaaa.

Önnur vísan: Runurím, endarím og tvær fyrstu og tvær seinni línurnar ríma saman, AABB.

Þriðja vísan: Víxlrím, endarím fyrsta og þriðja lína ríma og önnur og fjórða, AbAb.

Verkefni

Ljóðagerð.

Ítarefni

Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 1987. *Bragfræði*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2007. *Vísnaðver*. Bókaútgáfan Hólar.

http://vefir.nams.is/midbjorg/bokmenntir/gott_bragfraedi.ppt

Bakgrunnur

Þula er ljóð í frjálsu formi án erindaskipta. Ljóðlínur eru mislangar, stuðlasetning óbundin, stundum óregluleg, stundum engin. Oft er ekkert endarím. Farið var að safna þulum á 19. öld, þá voru þær algengar um allt land og notaðar sem barnagælur. Þær eru þægilegar til að hafa ofan af fyrir börnum því hægt er að bæta inn í þær ef hugmyndaflugið og skáldgáfan er fyrir hendi, enda eru höfundarlausar þulur til í mörgum gerðum.

Um aldamótin 1900 var farið að yrkja ljóð með þulusniði. Stundum voru þau alveg nýr skáldskapur, en best þótti þeim skáldum takast upp sem fléttuðu ljóðrænar perlur úr gömlum þulum inn í nýjar, eins og Hulda gerir oft snilldarlega. Annar þekktur þuluhöfundur er Theodóra Thoroddsen.

Hulda orti þuluna „Hestarnir mínir“ í orðastað ungs sonar síns sem þótti innilega vænt um hesta.

Umræður og ábendingar

Lesið nokkrar þulur eða búta úr þulum fyrir nemendur.

Hafa að leiðarljósi að lesa ólíkar þulur: stuttar og langar, rímaðar og órímaðar, skrytnar og skemmtilegar.

Nemendur velja sér þulu og lesa upphátt fyrir bekkinn.

Þegar nemendur hafa lesið og hlustað á ólíkar þulur eru þeir betur í stakk búnir til að leika sér að forminu og semja sína eigin þulu.

Verkefni

Ljóðagerð: þula.

Ítarefni

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson. 2005. *Romsubókin*. Reykjavík, Dimma.

Fagarar heyrði ég raddirnar: Þjóðkvæði og stef. 1974. Einar Ól. Sveinsson tók saman. Reykjavík, Mál og menning. (bls. 243–255).

Guðrún Hannesdóttir. 1994. *Gamlar vísur handa nýjum börnum*. Reykjavík, Forlagið.

Guðrún Hannesdóttir. 1995. *Fleiri gamlar vísur handa nýjum börnum*. Reykjavík, Forlagið.

Guðrún Hannesdóttir. 1999. *Eina kann ég vísu*. Reykjavík, Forlagið.

Theodóra Thoroddsen. 1916 og 1981. *Þulur*. Myndir eftir Mugg. Reykjavík.

Bakgrunnur

Rudyard Kipling (1865–1936) fæddist í Bombay en var sendur til Englands í heimavistarskóla sex ára gamall. Hann fékk Nóbelsverðlaunin 1907, fyrstur enskra rithöfunda. Kipling var geysilega vinsæll höfundur í lifanda lífi og skrifaði óhemju mikið, bæði ljóð og sögur. Það sem heldur nafni hans enn á lofti eru barnasögur hans, einkum *The Jungle Book* (1894) og *Just So Stories*, sem sagan um köttinn er tekin úr.

Þýðandi sögunnar, Halldór Stefánsson, var sjálfur vel metinn og afkastamikill smásagnahöfundur. Sagan um köttinn sem fór sínar eigin leiðir er úr safni sagna sem hann þýddi eftir Kipling og kallaði *Ævintýri* (1945).

Í sögunni segir Kipling frá fyrstu húsdýrunum og ólíku eðli þeirra í gamansömum tón og í skáldlegum búningi.

Kettir komu með landnámsmönnum til Íslands. Þeir voru hafðir til músaveiða en einnig aldir vegna skinnsins sem var verslunarvara á miðöldum og verðmeira en lambsull. Fyrr á öldum þrifust kettir ekki í Breiðafjarðareyjum, Grímsey né í Örafum og líklegasta skýringin á því er músaleysi.

Kettir hafa aldrei orðið eins samrýndir mönnum og hundar. Það er ekki tilviljun að oft sé haft á orði að kettir séu sjálfstæðir og fari sínar eigin leiðir.

Umræður og ábendingar

Ræða almennt um ketti og kænsku þeirra.

Margir nemendur eiga, hafa átt eða vildu gjarnan eiga kött.

Ræða reynslu nemenda af gæludýrum og hvort þeir kannist við einkenni dýranna í sögunni.

Ræða um endurtekningar í sögunni.

- Hvers vegna endurtaka höfundar sömu setninguna aftur og aftur óbreytta eða í örlítið breyttri mynd?

Um endurtekningar í sögum:

Höfundar nota endurtekningu þegar þeir vilja leggja sérstaka áherslu á ákveðin orð eða orðasambönd með því að endurtaka þau. Stundum er sama merkingin endurtekin með breyttu orðavali eða samheitum. Þar er áherslan jafn mikilvæg og í nákvæmlega eins endurtekningu. Þetta er einmitt það sem R. Kipling gerir í sögunni.

Verkefni

Finna endurtekningar í sögunni.

Finna samsett orð í sögunni sem byrja á villi-.

Ítarefni

Ólafur Haukur Símonarson. 2006. *Það vantar spýtur* – safn bestu barnalaga. Reykjavík, 12 tónar. Hljóm-diskur .

(Þar er að finna lagið Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir. Flytjendur eru Örn Árnason og Sigrún (Diddú) og Páll Óskar Hjálmtýsbörn.

Ólafur Haukur Símonarson. 1986. Barnaleikrit og hljómplata byggt á sögunni *Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir*. Hljómplata, ljóð og lög. Hitt leikhúsið.

<http://www.mu.is/husdyr/kettir/>

Blákápa

Hesturinn minn bls. 133

Hundurinn krá í kjafti ber bls. 135

Einmana bls. 137

Á afmæli kattarins bls. 138–139

Veðrið bls. 143

Hreiðrið mitt bls. 147

Verkefni:

Ljóðagerð.

Ítarefni

Á vef Námsgagnastofnunar:

http://vefir.nams.is/midbjorg/bokmenntir/gott_bragfraedi.ppt

Dæmisögur Esóps í Blákápu:

Tvær geitur bls. 134

Efni og skuggi bls. 135

Varðhundurinn og úlfurinn bls. 141

Veika ljóðið bls. 143

Bakgrunnur:

Dæmisögur hafa verið sagðar um allan heim en frægasta safn slíkra sagna er kennt við Esóp. Hann er sagður hafa verið grískur þræll, fæddur í Litlu-Asíu á 6. öld fyrir Krist (fyrir 2600 árum). Í sögunum sem kenndar eru við hann er hann grimur við þá sem eru illir, gráðugir og drambsamir, hæðist að þeim sem blekkja sjálfa sig og aðra, breiða yfir mistök sín og slá ryki í augu fólks, en gleðst með þeim sem minna mega sín þegar þeim tekst að snúa á hina ríku og voldugu.

Í dæmisögum eru dýr iðulega notuð sem fulltrúar ákveðinna eiginleika, en þó halda þau áfram að vera dýr með sínar siðvenjur og þarfir. Meginatriði dæmisagnanna er – eins og tegundarheitið bendir til – boðskapur þeirra sem er skýr og auðskilinn. Hann skilur þær frá ævintýrunum. Dæmisögurnar gerast í hörðum hversdagsleika og margar þeirra enda illa. Málfar er kjarngott og mikið um stuðla, einkum í beinni ræðu.

Umræður og ábendingar

Hver er boðskapur hvernar sögu fyrir sig?

Í lok hvernar sögu er sagt frá boðskap hennar. Hægt er að spinna áfram og biðja nemendur að koma með fleiri dæmi um eitthvað svipað.

Í málsháttum felst boðskapur og er tilvalið að tengja þá boðskap dæmisagna Esóps.

Fleiri en einn málsháttur getur passað við hverja sögu. Mikilvægt er að ræða málsháttinn og hvernig hann passar við boðskap sögunnar.

Tvær geitur

Boðskapurinn: Samvinna skiptir máli. Það er stundum nauðsynlegt að gefa eftir. Málsháttur: Sá vægir sem vitið hefur meira.

Efni og skuggiBoðskapur: Að vilja meira en maður hefur. Maðurinn vill oft meira en hann hefur. Hann er of gráðugur.

Málshættir og orðtök: Margur verður af aurum api. Grasið er grænna hinum megin. Að sitja við þann eldinn sem best brennur.

Varðhundurinn og úlfurinn

Boðskapur: Það er ekki alltaf hægt að fá allt það besta. Það er ekki hægt að hirða bara bestu molana. Málshættir og orðtök: Ekki er bæði sleppt og haldið. Sá á kvölinna sem á völinna. Frelsi fylgir ábyrgð. Gæfa fylgir góðu starfi. Það er ekki einungis hægt að fleyta rjómann ofan af einhverju. Að vilja ekki vera bundinn á klafa.

Veika ljóðið

Boðskapur: Það er ljótt að nýta sér tryggyndi annarra í eigin þágu. Ljónið í sögunni misnotar sér tryggyndi hinna dýranna. Málsháttur og orðtök: Flagð er undir fögru skinni. Einhver er ekki allur þar sem hann er séður. Að troða einhverjum um tær. Að sjúga merginn úr einhverjum.

Gagnvirkar stafsetningaræfingar

Veika ljónið (n-nn, y, k, g, samhlj.): <http://vefir.nams.is/stafsetning/23.htm>

Tvær geitur (y, ý, n-nn, hv-kv, pf, samhlj): <http://vefir.nams.is/stafsetning/24.htm>

Verkefni

Finna málshætti eða orðtök sem passa við sögurnar.

Ítarefni

Dæmisögur Esóps. 1979. Þorsteinn frá Hamri þýddi. Reykjavík, Bókaforlagið Saga.

Málshátta- og orðtakabækur.

<http://www.ms.is/Islenka/Fernuflug/Fernuflug-II/ordtok/default.aspx>

Bakgrunnur

Þetta er stytur burtur úr samnefndri frásögn í bókinni *Dýrin í dalnum* (1968) eftir Lilju S. Kristjánsdóttur frá Brautarhóli í Svarfaðardal. Þótt stutt sé minnir frásögnin að byggingu á ævintýrin: eldri bræðurnir tveir reyna árangurslaust að ná í hestinn, litlu systur tekst það með töfrum raddar sinnar.

Lilja skrifar þættinum Íslenskt mál hjá RÚV 14. maí 2009 og ræðir nokkur orð sem hún kannast við. Í þeim felast minningar úr sveitinni hennar:

„Ég er fædd og alin upp í Svarfaðardal og þekki því til Sveitarlangansins. Uppi í enginu heima á Brautarhóli, sem nú er fyrir löngu orðið að túni, voru enn á bernskuárum mínum leifar af upphlöðnum garði, sem lá skáhallt yfir hluta landareignarinnar. Ég get ekki nefnt neinar tölur um breidd né hæð, enda voru þetta aðeins gamlar, grónar rústir, sem virtust hafa verið talsverð mannvirki. Eitt sinn spurði ég föður minn, sem fæddist og ólst upp á næsta bæ, Gröf, hvernig stæði á þessu garðbroti. Þá fékk ég það svar, að garðurinn hefði áður verið eini vegurinn um dalinn og kallast Sveitarlangur.

Varðandi fjallagrösin þekki ég bæði nöfnin kræður, á þeim smágerðu og fremur óvinsælu, og skæði, á þeim stóru. Í bernsku minni fór ég nokkrum sinnum á grasafjall með bræðrum mínum. Móðir okkar notaði grösin bæði til matargerðar og sauð úr þeim lyf gegn kvefi. Auk þess voru fjallagrösin eftirsótt, þar sem þau voru talin góð gegn berklaveiki.“

Umræður og ábendingar

Ræða við nemendur um minningar.

Leggja áherslu á að minningar geta verið margvíslegar.

Þær geta tengst stað og stund, fólki og dýrum, gleði og sorg, svo eitthvað sé nefnt.

Minningar geta bæði verið góðar og slæmar.

Hvernig sem minningar eru getur verið gott að rifja þær upp.

Er einhverjar minningar þannig að maður vilji gleyma þeim?

Hvers vegna er það?

Nemendur geta hugsað sér minningarbrot og myndað eina setningu sem byrjar á orðunum: Einu sinni þegar ég var lítil(l) þá ... og síðan tekur næsti nemandi við og svo koll af kolli.

Skemmtileg og skrýtin orð geta líka tengst minningum. Hægt er að leika sama leik og áður og geta nemendur byrjað á því að segja: Einu sinni heyrði ég skrýtið orð og það var orðið ... (og halda svo áfram koll af kolli, þar til allir hafa sagt sitt orð).

Verkefni

Frásögn – minning

Ítarefni

Anne Frank. 1983. *Dagbók Önnu Frank*. Sveinn Víkingur þýddi. Reykjavík, Iðunn.

Auður Jónsdóttir. 2002. *Skrýtnastur er maður sjálfur. Hver var Halldór Laxness?* Reykjavík, Mál og menning.

Jacqueline Wilson. 2006. *Leyndarmál*. Þóra Sigríður Ingólfssdóttir þýddi. Reykjavík, JPV útgáfa.

Jón Sveinsson. 1989. *Nonni og Manni*. Freysteinn Gunnarsson þýddi. Reykjavík, Almenna bókafélagið.

L.M. Montgomery. 1988–90. Axel Guðmundsson þýddi. *Anna í Grænuhlíð*. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Kvæðið er úr fyrstu ljóðabók Jóns Helgasonar: *Úr landsuðri* (1939).

Jón Helgason (1899–1986), prófessor og forstöðumaður Árnastofnunar í Kaupmannahöfn, var afkastamikill fræðimaður og mikilsvirt ljóðskáld. Í tilefni af aldarafmæli hans 1999 var gefin út safnbók ljóða hans og kvæðapýðinga sem nefnist, *Úr landsuðri og fleiri kvæði*. Þar er þremur bóka hans, *Úr landsuðri*, *Tuttugu kvæði og einu betur* og *Kver með útlendum kvæðum* steipt saman. Auk þess sem í bókinni eru prentuð önnur kvæði Jóns af ýmsum skeiðum ævi hans, bæði gamankveðskapur frá stúdentsárunum og alvarlegri kvæði sem hann samdi undir ævilok.

Umræður og ábendingar

Hvernig finnst nemendum höfundi takast að lýsa kisu?

Bloggari á Netinu lét þessi orð falla um ljóðið *Á afmæli kattarins*:

„Ljóðið held ég að toppi allt sem kveðið hefur verið um ketti.“

Eru nemendur sammála þessu?

Hægt er að leyfa nemendum að teikna dýramynd (kisumynd) á meðan kennarinn les ljóðið eða nemendur hlusta á Jón Helgason sjálfan lesa það.

Verkefni

Sögugerð: Nemendur semja kattasögur eða ljóð.

Ítarefni:

Áfangar og fleiri kvæði. 1999. Jón Helgason les mörg af þekktustu kvæðum sínum. Reykjavík, Mál og menning. Hljómdiskur. Gefinn út í tengslum við aldarafmælið og útgáfu safnbókarinnar.

http://vefir.nams.is/midbjorg/bokmenntir/gott_bragfraedi.ppt

Bakgrunnur

Böðvar Magnússon (1887–1966) bjó lengst af á Laugarvatni ásamt konu sinni Ingunni Eyjólfsdóttur. Þau létu land undir Héraðsskólann á Laugarvatni og er talið að fyrir þeirra tilstuðlan hafi skólanum verið valinn sá staður. Þar byggðist síðan upp skólaborp með húsmæðraskóla, menntaskóla og íþróttaskóla, síðar íþróttakennaraháskóla, ásamt leik- og grunnskóla. Böðvar og Ingunn voru alla tíð kölluð Laugarvatnshjónin og er minnisvarði um þau á staðnum.

Böðvar gaf út bókina *Dýrasögur*, þar sem hann af næmni segir sögur af húsdýrum sem honum voru hjartfólgin. Hann skrifaði einnig greinar um dýravernd í blaðið *Dýraverndarann*.

Umræður og ábendingar

Hvert er vitrasta dýr í heimi, fyrir utan manninn er spurning á *Vísindavef Háskóla Íslands*. Í svari Jóns Más Halldórssonar líffræðings segir m.a.:

„Nokkur spendýr, svo sem höfrungar og hundar, hafa verið þjálfuð til að leysa ákveðin verkefni betur en mannskepnan ræður við og sagt er að fílar gleymi engu. Til er staðfest dæmi um að tígrisdýr sem réðst á menn, hafi dulist á flótta fyrir vopnuðum hersveitum í sex mánuði á litlu svæði. Tígrisdýrið lék á veiðimennina, blekkti þá og forðaðist að skilja eftir sig spor sem hægt var að rekja. Hvernig vitum við hvað fram fer í huga dýra? Hver getur neitað því að hvalir séu gáfaðir? Útsjónarsemi hrafna kemur mönnum alltaf jafn mikið á óvart. Rannsóknir hafa staðfest hæfni þeirra til að glíma við ýmsar þrautir, svo sem að leysa hnúta og nota verkfæri sér til hjálpar, en áður var talið að það væri aðeins á færi prímata.“

Þekkjá nemendur til dýra sem eru þjálfuð til að vinna ákveðin verk?

Hafa nemendur heyrt um dýr sem hafa tekið að sér afkvæmi annarrar dýrategundar?

Í bókunum *Ótrúlegt en satt* geta nemendur fundið sögur af óvenjulegum dýrum og afrekum þeirra.

Verkefni

Gagnaleit – frétt/frásögn.

Ítarefni

Ripleys ótrúlegt en satt!: sjón er sögu ríkari. 2010. Reykjavík, Sögur útgáfa. (2010 og árlega nokkur ár á undan.)

<http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=3769>

Bakgrunnur

Upplýsingar um húsöndina.

Heimkynni og stofnstærð:

Húsöndin lifir í Ameríku, á Grænlandi og Íslandi. Stofninn á Íslandi er um 2000 fuglar. Húsöndin lifir á vatnasvæði Laxár og Mývatns og er einkennisfugl svæðanna. Hún er staðfugl. Húsöndin er lipur sundfugl og heldur sig oft í talsverðum straumi. Kjörlendi hennar er lífrík stöðuvötn og lindár.

Stærð og útlit:

Meðalstór önd með sérkennilegt höfuðlag. Stærðarmunur kynjanna er mikill. Steggirnir eru um 50% þyngri en kollurnar.

Varp, fæði og hegðun:

Karlfuglinn er ákaflega aðsópsmikill og fjörugur í biðilsleikjum sínum, sem hann iðkar mestallan fyrri helming ársins. Hann helgar sér svæði á vatni og á oft í erjum við kynbræður sína.

Við Mývatn býr húsöndin um sig í gjótum í hrauni og í klettum. Einnig er nokkurt varp í veggjum úti-húsa, þaðan dregur hún nafn sitt, og í hreiðurkössum sem sérstaklega hafa verið útbúnir fyrir fuglana. Hreiðrið er fóðrað með sinu og dúni. Hún verpir 8–12 eggjum og liggur á í 28–30 daga.

Hún lifir á mýlirfum, krabbadýrum og öðrum hryggleysingjum. Felli- og vetrarstöðvar hennar eru í sama kjörlendi. Hún fellir fjaðrir einu sinni á ári og er það kallað að vera í sárum.

Hér eru tvær skemmtilegar sögur af húsöndinni frá Helga Jónassyni og konu hans Steingerði Sólveigu Jónsdóttur á Grænavatni. Þær eru sönnun þess að hún getur spáð fyrir um veður og kann að telja.

- Það er nokkuð víst að húsöndin getur spáð fyrir um veður. Þegar húsöndin hringsólar kringum hús er von á að það komi norðanátt og votviðri. Það hefur gerst að húsöndur hafi farið niður í strompa á húsum og lent ofan í olíukatlinum. Þær leitast við að fara inn í hús þegar votviðri er.
- Á Grænavatni er gamalt torfhús. Fyrir mörgum árum hrundi úr einum veggnum og það myndaðist hola í honum. Húsönd kom sér upp hreiðri í gatinu. Eftir nokkrar vikur komu ungar úr eggjunum. Seinna stökk öndin út og gaggaði og kallaði á ungana til að fá þá út. Nokkrir ungar komu út en gatið var í töluverðri hæð eða um einn og hálfan metra. Þeir stukku samt. Álitlegur unghópur var kominn, en öndin var ekki ánægð. Hún hélt áfram að kalla og að lokum kom einn ungi út í viðbót. Hún vissi að það var einn eftir inni. Eftir þetta gekk hún niður að vatni og allir ungarnir fylgdu.

Umræður og ábendingar

Í sögunni um **Húsöndina** er það skrásetjari sem segir sögu Kristjáns bónda að Arnarvatni í Mývatnsveit. Sjónarhornið í sögunni er bóndans að Arnarvatni.

Hér er tækifæri til að kynna nemendum vel hugtakið sjónarhorn áður en þeir byrja að endursegja söguna í verkefninu sem fylgir.

- Í öllum bókum er sögumaður, þ.e. sú rödd sem segir söguna.
- Stundum sér sögumaður inn í huga allra persóna; veit hvað allir segja, hugsa og gera.
- Í öðrum bókum er vitneskja hans takmarkaðri og hann veit bara hvað ein persóna hugsar og fylgir henni í gegnum alla bókina.

- Sögumaður getur verið ein af persónum bókarinnar eða einhver sem fylgist með utan frá.
- Stundum er sagt frá í þriðju persónu og stundum er það einhver „ég“ sem talar.

Verkefni

Sögugerð: Endursögn með nýju sjónarhorni.

Ítarefni

Brian Pilkington. 1992. *Dýraríki Íslands. Undraheimur íslenskrar náttúru*. Reykjavík, Iðunn.

Fuglavefurinn: <http://www1.nams.is/fuglar/>

Náttúrurannsóknarstöð við Mývatn – um húsöndina:

<http://www.ramy.is/dyralif/fuglar/>

[Viðtal: http://www3.hi.is/~arnie/isl/thema/graenav.htm](http://www3.hi.is/~arnie/isl/thema/graenav.htm)

Bakgrunnur

Textarnir eru úr *Snorra-Eddu*, allir úr **Gylfaginningu** nema frásögnin af vali Skaða á eiginmanni sem er úr Skáldskaparmálum. Textinn er stytstur, valið úr og felld saman en orðaröð og orðalagi Snorra breytt sem minnst. Efnið tengist samfélagsfræðinni, landnámi Íslands, heiðinni trú og Snorra Sturlusyni.

Snorri Sturluson setti *Eddu* saman á fyrri hluta 13. aldar og ætlaði henni að vera kennslubók í skáldskap. Bókin skiptist í þrjú hluta auk formála (prologus).

- Í formálanum reynir hann að setta heiðna lífsskoðun og hugmyndir kristinna lærdómsmanna.
- Í Gylfaginningu skipar Snorri goðsögunum í kerfi og dregur upp heillega heiðna heimsmynd.
- Í Skáldskaparmálum eru heiti og kenningar skýrð með sögum.
- Í Háttatali kennir Snorri ungum skáldum hundrað bragarhætti.

Gylfaginning er sett fram í samtalsformi eins og algengt var í kennslubókum miðalda þar sem ófróður spyr fróðan. Listræn tók Snorra á efninu gera persónurnar ljóslifandi, samtölin dramatísk. Hár, Jafnhár og Þriðji eru allt Óðinsheiti svo að viðmælandinn er í rauninni aðeins einn. List Snorra er að kljúfa meistarann í þessa þrennu, þar sem hver tekur við af öðrum, bætir við og hnykkir á þannig að samtalið verður leikrænna og tilbreytingaríkara með stöðugum stíganda.

Gylfaginning (þegar Gylfi var ginnur) hefst á því að Gylfi konungur í Svíþjóð dulbýr sig, kallar sig Ganglera (hinn vegmóða) og heldur til Ásgarðs til að fræðast af ásum. Þar hefst eins konar spurningakeppni þar sem Gangleri á að spyrja þar til æsir geta ekki svarað.

Gangleri fræðist með þessum hætti um sköpun heimsins, æsi, hlutverk hvers og eins, líf þeirra saman og endalok. Lesandinn fræðist með Ganglera en veit jafnframt að það er verið að gera honum sjónhverfingar. Þannig kynnist lesandinn norrænni goðafræði eins og hún horfði við Snorra Sturlusyni tvö hundruð árum eftir kristnitöku á Íslandi.

Þegar Hár hefur sagt Ganglera allt sem hann veit eru fleiri spurningar ekki leyfðar. Höllin hverfur og Gangleri heldur heim í ríki sitt og segir þau tíðindi sem hann hefur heyrt og séð.

Goðsögur eru ein gerð munnmælasagna. Þær sameina leit mannsins við að skýra fyrirbæri náttúrunnar og byggingu heimsmyndar. Goðsögurnar í *Eddu* eiga sér hliðstæður í ýmsum trúarbrögðum, gölög dæmi eru í bókinni *Svört verða sólskin* (1992) sem birtir goðsögur fólks á norðurlóðum.

Umræður og ábendingar

Bera saman sköpunarsögu Biblíunnar við sköpunarsögu *Snorra-Eddu*.

Láta nemendur endursegja efnið með sínum eigin orðum, til að fylgjast með því hvort þeir skilji það í raun og veru.

Leika kafla úr **Gylfaginningu**.

Nemendur geta leiklesið textann. Hár hefur oftast orðið og fer með lengsta textann, því er gott að skipta honum oftast út en hinum hlutverkunum.

Myndskreytingaverkefni úr sögunni: Persónur og atvik og/eða heimsmyndin:

Kringlótt jörðin með Ásgarði innst. Miðgarður þar fyrir utan. Jötunheimar yst. Sjórinn utan um allt ásamt Miðgarðsormi. Askur Yggdrasils, brúin Bifröst og brunnarnir þrír.

Verkefni

Viðtal – leikræn tjáning.

Nöfnin fá nýtt hlutverk.

Ítarefni

Erik Hjorth Nielsen. 1994. *Huginn og Muninn segja frá ásum*. Reykjavík, Mál og menning.

Lars Henrik Olsen. 1987. *Ferð Eiríks til Ásgarðs*. Reykjavík, Mál og menning.

Lars Henrik Olsen. 1999. *Ferð Eiríks til Jötunheima*. Reykjavík, Mál og menning.

Lífið í Ásgarði – gullnar töflur í grasi. 2008. Iðunn Steinsdóttir endursagði. Reykjavík, Námsgagna-

stofnun. *Óðinn og bræður hans – heimur verður til*. 2006. Iðunn Steinsdóttir endursagði. Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Svört verða sólskin. Goðsögur og ævintýri frá Norðurlöndum. 1992. Reykjavík, Mál og menning.

Völuspá. 2005. Þórarinn Eldjárn endurorti. Reykjavík, Mál og menning.

Æsir á fljúgandi ferð – hefnd Loka. 2009. Iðunn Steinsdóttir endursagði. Kópavogur, Námsgagna-
stofnun.

Örlög guðanna. Sögur úr norrænni goðafræði. 2008. Ingunn Ásdísardóttir endursagði. Reykjavík, Mál og menning.

Fræðibækur:

Anders Bæksted. 1986. *Goð og hetjur í heiðnum sið*. Eysteinn Þorvaldsson þýddi. Reykjavík, Mál og menning.

Brian Brantson. 1979. *Goð og garpar úr norrænum sögum*. Sigurður A. Magnússon þýddi og endursagði. Reykjavík, Bókaforglafið Saga.

Rudolf Smiek. 1993. *Hugtök og heiti í norrænni goðafræði*. Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Reykjavík, Heimskringla.

Bakgrunnur

Sögur af skrítnum körlum og kerlingum hafa alltaf verið vinsælt skemmtiefni. Þær íslensku eru flestar um vitgrannar kerlingar og heimska karla; nískir prestar og aðrir nirflar fá einnig sinn skerf.

Þessar sögur eru fyrst og fremst til skemmtunar, þær teljast til flokks þjóðsagna sem nefnast kímni- og ýkjúsögur eins og sögurnar um Bakkabræður. Boðskapur getur leynst í einhverjum sögunum ef vel er að gáð. Nauðsynlegt er að hafa í huga að stundum eru sögur eingöngu til skemmtunar og ber að njóta þeirra sem slíkra.

Umræður og ábendingar

Sagan er fyrst og fremst skemmtisaga. Konurnar eiga báðar trúgjarna menn og efast þeir ekki um einlægni kvenna sinna. Metingur kemur líka fram í sögunni. Í verkefninu er lagt upp með þessa þætti.

Verkefni

[Túlkun og mat.](#)

Ítarefni

Nýju fötin keisarans. H. C. Andersen.

Bakgrunnur

Fitukeppurinn er danskt ævintýri úr safnrítinu *Gestir í gamla trénu* sem Þorsteinn frá Hamri þýddi (1980). *Sagan af Gýpu* er af sama toga.

Gýpa var dóttir karls og kerlingar í koti og þótti hún matfrok. Einn daginn fór svo að Gýpa át ekki bara úr askinum sínum heldur askinn með, karl og kerlingu, og kotið líka. Og svo hélt hún af stað og át allt sem hún hitti fyrir á ferð sinni. Sagan af Gýpu er til í endursögn Gylfa Gíslasonar sem einnig teiknaði myndirnar. **Gípa/Gýpa** er sama persóna en ritháttur misjafn.

Umræður og hugmyndir

Sagan er óraunveruleg og á ekki að vera neitt annað, fitukeppurinn/kötturinn heldur áfram að troða í sig öllu sem verður á vegi hans. Endurtekning einkennir söguna og sífellt bætist eitthvað nýtt við. Þetta kannast nemendur við í sögunni um Sætabrauðsdrenginn og víðar. Síðasta sagan í *Blákápu* um **Brúsaskegg** er svipuð að því leyti að þar er endurtekning og eitthvað bætist við. Þar er þó lagt upp með ákveðið verkefni sem hleður á sig. Í byrjun virðist enginn tilgangur með græðginni **Fitukeppnum** en í lok sögunnar er það litla músin sem leikur á köttinn sem fær makleg málagjöld. Minnir endirinn á ævintýrin um Kiðlingana sjö og Rauðhettu þar sem úlfurinn verður of gráðugur og hefnist fyrir það í lokin.

Hægt er að nota söguna í spunaverkefni með nemendum. Þeir ákveða hlutverk og útbúa grindina. Textann spinna þeir á staðnum þegar leikritið fer af stað. Mjög gott er að gefa nemendum afmarkaðan tíma til að undirbúa.

Verkefni

Sögugerð / leikræn tjáning.

Ítarefni

Gylfi Gíslason. 1992. *Sagan af Gýpu*. Reykjavík, Forlagið.

Bakgrunnur

Nasreddin var kennari í smábænum Akschehir í Tyrklandi þar sem hann fæddist árið 1360. Minnismerki er á leiði hans í kirkjugarði bæjarins. Þorpið er í Anatolia-héraðinu á svæði Konya í suðvesturhluta Tyrklands. Sagt er að engar sagnir í þjóðsögum Tyrkja hafi náð eins mikilli almenningshylli og sögurnar um Nasreddin Khodja eða Nasreddin skólameistara.

Þorsteinn Gíslason sem þýddi bókina *Nasreddin – tyrkneskar kímnisögur* segir í formála að öld eftir öld hafi menn skemmt sér við kerskni Nasreddins, sérvisku og fyndni, og enn í dag séu sögurnar um hann á hvers manns vörum, svo langt sem tyrknesk tunga nær.

Umræður og ábendingar

Gott er að ræða um sögurnar og spyrja leiðandi spurninga til þess að nemendur geri sér grein fyrir boðskapnum.

Enginn gerir svo öllum líki

Hvers vegna ætli Nasreddin hafi alltaf breytt eftir því hvað fólkið sagði?

Ætli sonur hans hafi skilið það sem hann ráðlagði honum í lok sögunnar?

Ketillinn

Hvers vegna vildi fólk ekki lána Nasreddin búsáhöldin sín?

Hvaða bragð notaði Nasreddin á nágranna sinn?

Hvernig gekk það?

Heldurðu að nágranninn hafi skammast sín fyrir að halda kastarollunni?

Kastarolla er lítill skaftpottur, á frönsku une casserole. A casserole í ensku er einnig notað fyrir ofnfast mót og jafnvel fyrir rétti sem bakaðir eru í ofnföstum mótum.

Frakkinn

Hvers vegna fannst Nasreddin honum lítill sómi sýndur í veislunni?

Hvers vegna fór Nasreddin heim úr veislunni og skipti um föt?

Hvernig var honum tekið í veislunni þegar hann kom í nýja frakkanum?

Hvers vegna gaf Nasreddin frakkanum að borða?

Verkefni

[Endursögn og túlkun.](#)

Ítarefni

Nasreddin. Tyrkneskar kímnisögur. (án ártals). Þorsteinn Gíslason þýddi. Reykjavík, H.F. Leiftur.

Bakgrunnur

Í goðsögum er leitast við að skýra náttúru fyrirbrigði og heimsmyndina. Margar þjóðsögur skarast við goðsögur að þessu leyti þegar í þeim koma fram útskýringar á fyrirbærum í náttúrunni. Þetta á t.d. við um skófirnar á steinunum í lok sögunnar um **Kerlinguna sem vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn**. Fjöl margar sögur eru til af tröllum sem hafa orðið steinrunnin og mynda kynjamyndir víða um land. Drangar sem víða eru við strendur nefnast Karl eða Kerling og er uppruninn yfirleitt frá þjóðsögum um tröllkarla og kerlingar sem ekki komust á leiðarenda áður en dagur reis.

Umræður og hugmyndir

Ræða um fyrirbæri í náttúrunni sem hægt er að semja skýringarsögur um í anda þjóð- og goðsagna. Hér eru nokkur dæmi sem mætti skálda í kringum. Hvernig varð þetta til?

Mosinn græni og mjúki, náttúrulegar steinbrýr, gat í kletti, hellar, norðurljós, ský, regnbogi, eyjar og djúpar skálar í fjöllum.

Hægt væri að lesa þjóðsögur í þessum anda fyrir nemendur t.d. Jóru í Jórúkleif, Tröllkonuhlaup, Þjóðsöguna um uppruna Drangeyjar, Tröllskessurnar þrjár sem mótuðu eyjarnar á Breiðafirði og Grímsey í Steingrímsfirði þegar þær ætluðu að kljúfa Vestfjarðakjálkann frá landinu. Fleiri tillögur í ítarefni.

Verkefni

Sögugerð – náttúru fyrirbæri (þjóðsaga/goðsaga).

Ítarefni

Jón R. Hjálmarsson. 2000. *Þjóðsögur við þjóðveginn*. Reykjavík, Almenna bókafélagið. (Hóffar Sleipnis í Ásbyrgi (bls. 103), Nátttröllið og nökkvinn við Mývatn (bls. 101), Þjóðólfur og Þuríður sundafyllir (bls. 47))

Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn. 1998. Guðrún Hannesdóttir endursagði og myndskreytti. Reykjavík, Forlagið.

Svört verða sólskin. Goðsögur og ævintýri frá Norðurlöndum. 1992. Reykjavík, Mál og menning.

Bakgrunnur

Sögurnar um **Bakkabræður** eru hreinar skemmtisögur í flokki þjóðsagna um kímni- og ýkjusögur. Gísli, Eiríkur og Helgi eru svo arfavitlausir að þeim er ekki viðbjargandi. Jón Árnason getur þess neðanmáls í sínu riti að bærinn Bakki muni vera í Fljótum í Skagafirði. Annar Bakki er í Svarfaðardal og eru bræðurnir oft sagðir þaðan.

Guðrún Bjartmarsdóttir nefnir í formála sínum að *Bergmáli, sýnisbók íslenskra þjóðfræða* að hjá börnum og unglingum blómstri þáttur innan nútímapjóðfræða sem séu hryllingssögur, orðaleikir og brandarar. Sumt af því sé flökkuefni og gátuformið sé afar vinsælt. Þar er ráðningin – og fyndnin – sem felst í óvæntri sýn, fáránlegri rökleysu eða yfiringilegum ýkjum. Hér eru það t.d. filar í ísskápnunum, moldvörpur á mótorhjóli eða tómatar að fara yfir götu.

Hafnirðingabrandarar og ljóskubrandarar eru af sama meiði og flökkusögurnar. Sömu sögur eru sagðar milli Svía og Norðmanna, Danir segja sömu brandara um Dani sem búa á Jótlandi o.s.frv. Á Íslandi áður fyrr voru sagðar sögur af fíflum í hverjum landsfjórðungi eins og Bakkabræðrum, Flóafíflum, Öxneyingum og Hornfirðingum.

Umræðupunktur og ábendingar

Hér er gott tækifæri til að ræða brandara og mörk þeirra. Hvar eru mörkin og hvenær er farið yfir þau? Hæfa allir brandarar aldri hlustenda, eða stað og stund? Athugasemdir um veikindi, fötlun, samkynhneigð, kynþætti og annað sem fólki finnst almennt erfitt að ræða birtast oft í formi brandara. Margir krakkar eru hrifnir af bókum Hugleiks Dagssonar. Hann dregur ekkert undan og sumum finnst hann fara yfir mörk, aðrir segja að hann tefli fram efni sem er bannað að ræða (svonefnd taboo) og með þessu móti neyðist fólk til að horfast í augu við ýmislegt og taka afstöðu.

- Til hvers þarf að taka tillit þegar brandari er valinn?
- Hvað er fyndið?
- Hvers vegna er það fyndið?
- Hvað er ekki fyndið?
- Hvers vegna er það ekki fyndið?

Nemendum finnst bæði skemmtilegt að segja brandara og leika þá.

Gagnvirk stafsetningaræfing, n-nn, samhljóðar o.fl.:

<http://vefir.nams.is/stafsetning/19.htm>

Verkefni

Brandarar – skemmtisögur / segja brandara og leika.

Ítarefni

Trunt, trunt og tröllin. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. 2009. Kópavogur, Námsgagnastofnun.

Bakkabræður, fjórar sögur lesnar: <http://vefir.nams.is/dagsins/bakka.htm>

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. 2003 „Segir þar af tröllum, álfum og mönnum“. (Bakkabræður). Myndband. Gelmir.

Sögur af Bakkabræðrum í ýmsum útgáfum.

Á vef Námsgagnastofnunar: <http://www.nams.is/dagsins/bakka.htm>

Bestu barnabrandararnir frá Bókaútgáfunni Hólum með undirtitlunum: algjört æði, ferlega fyndnir, mega bók, ógeðslega fyndnir, svaka stuð, sjúklega fyndnir, toppurinn á tilverunni.

Bækur Hugleiks Dagssonar og símaskráin.

Bakgrunnur

Münchhausen var í raun og veru til og hét Karl Friðrik Hieronymus og var barón frá Münchhausen. Hann fæddist í Hannover í Þýskalandi árið 1720 og dó árið 1797.

Karl Friðrik fór í herferðir með Rússum á móti Tyrkjum árin 1740–1741 og mun hafa verið duglegur að segja ýkjusögur um afrek sín og upplifanir.

Sögurnar voru líka sagðar til að gera grín að ýktum frásögnum landkönnuða og ferðalanga sem sögðu ótrúverðugar skröksögur af viðburðaríkum ævintýrum. Það má þó ætla að sannleikskorn sé yfirleitt í þessum skröksögum og eins og oft er sagt, það er einhver fótur fyrir þessu.

Sögurnar af Münchhausen barón komu fyrst út á ensku 1785 og voru allar eignaðar honum. Síðar hefur komið í ljós að sumar sögurnar eru eldri en baróninn sjálfur og koma jafnvel frá öðrum löndum. Sennilega nokkurs konar flökkusögur þess tíma.

Nefnt hefur verið að rithöfundurinn Mark Twain og fleiri noti sögur Münchhausens sem fyrirmyndir.

Umræður og ábendingar

Er sannleikskorn í ýkjusögum Münchhausen?

Hefur hann í alvöru lent í þessum aðstæðum sem hann lýsir?

Hvar í sögunum víkur baróninn frá raunveruleikanum og gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn?

Æfið ykkur í að segja ýkjusögur, segið fyrst frá hversdagslegu atviki og spinnið svo utan um það í anda barónsins.

Einhver kemur með hugmynd, hún er rædd og síðan geta nemendur tveir og tveir spunnið framhaldið og gefið ímyndunaraflinu lausan tauminn.

Gagnvirkar stafsetningaræfingar:

Münchhausen og hesturinn hans (n-nn, y, v-f, p) <http://vefir.nams.is/stafsetning/20.htm>

Münchhausen og skógarbjörninn (n-nn,y, samhl.) <http://vefir.nams.is/stafsetning/21.htm>

Verkefni

[Skrifa frétt um eina sögu Münchhausens.](#)

Ítarefni

Baron Munchausen. 1990. Columbia Pictures – Kvikmynd.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar IV. Sagnir af stórlýgurum eins og Bjarna vellygna, en þær standast ekki samanburð við Münchhausen.

Bakgrunnur

Þulan var skráð á 19. öld. Börnum voru kenndar þulur til að skerpa athygli og bæta minni. Í þulunni biðja allir um eitthvað sem þeir þarfnast og sumt þarf að útskýra fyrir nemendum:

- Arnarfjaðrir voru notaðar við galdra.
- Ef maður vildi glepja öðrum sýn skyldi hann taka fjöður úr vinstri væng arnarins og leggja undir dýnuna sem hinn sat á.
- Ung börn sem drekka mjólk með fjöðurstaf af arnarfjöður verða ákaflega minnisgóð.

Trog er ílát sem notað var fyrir mat. Mjólkurtrög fyrir mjólkurafurðir.

Í sögunni eru endurtekningar og sífellt bætist við þuluna. Þetta minnir á sögur eins og Sætabrauðs-drenginn, Litlu gulu hænuna og Kerlinguna og grísinn. Einnig sögurnar um Fitukeppinn hér að framan. Í lok sögunnar verður konan að þriðju mosahrúgunni eins og nautið og Brúsaskeggur. Þetta minnir á söguna Kerling vill fá eitthvað fyrir snúð sinn þar sem í lokin er skýring á tilkomu skófa og fléttna á steinum líkt og oft er gert í goðsögum þegar útskýrð eru ýmis náttúrufyrirbrigði.

Umræður og ábendingar

- Hvers vegna þurfti járnsmiðurinn kol?
- Hvers vegna þurfti kolamaðurinn arnarfjöður?
- Hvers vegna vildi örninn hvolp?
- Hvers vegna vildi tíkin rjómatrog?
- Hvers vegna vildi konan selskinsskæði?
- Hjátrú tengist oft íþróttum og keppnisleikjum.
- Hafa nemendur einhverja hjátrú?
- Þekkja nemendur hjátrú sem tengist öðrum fuglum?

Til eru sögur af því hvernig hrafninn hefur bjargað fólki frá hamförum; skriðum og eldgosum.

Verkefni

Leikræn tjáning: Nemendur geta sviðsett þuluna.

Ítarefni

Íslensk úrvalsævintýri. 1986. Hallfreður Örn Eiríksson sá um útgáfuna. Reykjavík, Íslenski kiljuklúbburinn. (Sagan af Fóu feykirófu.)

Jónas Jónasson frá Hrafnagili. 2010. *Íslenskir þjóðhættir*. Ísafold. 1961. Endurútgefin 2010. (Kafllinn um ýmiskonar hjátrú bls. 433-437 í útgáfunni frá 1961.)

Simón Jón Jóhannsson. 1993. *Sjö, níu, þrettán, hjátrú Íslendinga í daglega lífinu*. Reykjavík, Vaka-Helgafell.

Simón Jón Jóhannsson. 1999. *Stóra hjátrúarbókin*. Reykjavík, Vaka-Helgafell.

Ævintýri barnanna. 1966. Þýð. Þórir S. Guðbergsson. Reykjavík, Bókaútgáfa Æskunnar. (Kerlingin og grísinn.)

Blákápa: Gátur (víða í bókinni)

Fór ég í ferð að Fjalli og Hvað er það sem læðist lágt, bls. 70

Fjórir ganga, fimm hanga, bls. 82

Hver er sú eik, bls. 101

Tveir eru á ferð, bls. 180

Hvernig flutt var yfir á, bls. 187

Bakgrunnur

Gátur eru gömul og ný dægrastytting. Þær hafa flakkað milli landa og stundum breyst.

Einar Ólafur Sveinsson segir í formála að bók sinni *Fagnar heyrði ég raddirnar* að gátan um kúna „Fjórir ganga, fjórir hanga“ sé án efa fornorræn og hafi bæði verið til á Hjaltlandi og Íslandi á víkingaöld.

Í eldri útgáfunni er gátan svona:

Fjórir ganga,
fjórir hanga,
tveir veg vísa,
tveir fyrir hundum verja;
einn eftir drallar,
sá er oftast saurugur.

Enn fremur segir Einar Ólafur Sveinsson:

„Hvað hét hundur karls“ er til í breyttri mynd í Danmörku. Sú gáta er rímuð og dæmi um alþýðukveðskap sem borist hefur til landsins miklu síðar.

Hvað hét hundur karls,
sem í afdölum bjó?
Nefndi ég hann í fyrsta orði,
og geturðu' hans ekki þó.

Hér er þekkt gáta sem bæði er rímuð og með stuðlum og höfuðstöfum.

Hver er sá veggur víður og hár,
veglega settur röndum,
gulur, rauður, grænn og blár,
gerður af meistara höndum?

Umræður og ábendingar

Gátur geta verið flóknir orðaleikir sem og skemmtilega kveðnar ferskeytlur. Hægt er að sýna nemendum nokkur dæmi um slíkt og ræða orðaleiki, vísna gátur og aðrar gátur.

Nemendum finnst yfirleitt gaman að spreyta sig á gátum eða leggja gátur fyrir aðra til að leysa. Oft eru gátur sem nemendur kunna einnig brandarar í ætt við Hafnfirðingabrandara og ljóskubrandara.

Verkefni

Finna vísna gátur eða almennar gátur. Gagnaleit – skráning heimilda.

Ítarefni

Fagrar heyrði ég raddirnar: Þjóðkvæði og stef. 1974. Einar Ól. Sveinsson tók saman. Reykjavík, Mál og menning. (bls. 212–223)

Guðrún Bjartmarsdóttir. 1988. *Bergmál sýnisbók íslenskra þjóðfræða.* Reykjavík, Mál og menning. (bls. 272–273)

Vaka-Helgafell hefur gefið út margar gátubækur, t.d.: *444 gátur*, 1981. *Veistu svarið?*, 1984. *Gettu nú*, 1985. *1000 gátur*, 2000.

Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út spurningabækur sem kenndar eru við útgáfuárið.